



**Háskólinn  
á Akureyri**

**Áhrif sambands kennara og  
nemenda á starfsánægju**  
Viðhorf framhaldsskólakennara

Anna María Sigfúsdóttir

**Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2019**



**Áhrif sambands kennara og  
nemenda á starfsánægju**  
Viðhorf framhaldsskólakennara

Anna María Sigfúsdóttir

30 eininga lokaverkefni sem er hluti af  
*Magister Educationis-prófi í menntunarfræði*

Leiðsögukenndari  
Guðmundur H. Frímansson

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, júní 2019

Titill: Áhrif sambands kennara og nemenda á starfsánægju: Viðhorf framhaldsskólakennara

Stuttur titill: Áhrif sambands kennara og nemenda á starfsánægju 30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-prófi í menntunarfræði.

Höfundarréttur © 2019 Anna María Sigfúsdóttir  
Öll réttindi áskilin

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurslóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Anna María Sigfúsdóttir, 2019, meistaraþrófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 76 bls.

Prentun: Ásprent Stíll  
Akureyri, júní, 2019

# Ágrip

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða hvort gæði sambands milli framhaldsskólakennara og nemenda hefðu áhrif á starfsánægju kennaranna og það hvernig framhaldsskólakennarar ná góðu sambandi við nemendur sína. Í framhaldsskólum kenna kennarar ákveðnar faggreinar og hitta nemendur sína aðeins nokkrum sinnum í viku. Þeir kenna oft mörgum stórum nemendahópum og því er ef til vill erfitt að ná til allra nemenda. Það eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á starfsánægju kennara en í þessari rannsókn verður skoðað hvaða þátt nemendur geta átt í starfsánægju framhaldsskólakennara.

Rannsóknin byggist á eigindlegri aðferð þar sem tekin voru einstaklingsviðtöl við sjö starfandi framhaldsskólakennara í þremur mismunandi framhaldsskólum. Leitast var við að fá fram reynslu þeirra af því hvernig þeir næðu til nemenda sinna og skoðun þeirra á því hvernig gæði sambands við nemendur hafi áhrif á starfsánægju þeirra.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kennarar noti gagnkvæma virðingu til að ná sem best til nemenda sinna. Þeir passa að hafa tengslin persónuleg og koma fram við nemendur sem jafningja. Kennararnir töldu að gæði sambands þeirra við nemendur hefðu áhrif á starfsánægju þeirra. Nemendur eru ástæðan fyrir því að þeir eru í þessu starfi og gott samband við nemendur hefur jákvæð áhrif á starfsánægju þeirra. Erfiðleikar í samskiptum við nemendur virðast vera sjaldgæfir en ef þeir eru til staðar þá geta þeir haft slæm áhrif á starfsánægju framhaldsskólakennara.



## **Abstract**

The purpose of this study was to examine whether the quality of the relationship between high school teachers and students could affect teachers' job satisfaction and how to establish good relationship with students. In high school the teachers teach specific subjects and only meet their students a few times a week. They often teach a large group of students and therefore it's hard to reach all of them. There are various factors that can affect the teacher's job satisfaction but in this research the students' role in teachers' job satisfaction will be examined.

The study is based on a qualitative methodology which included individual interviews with seven high school teachers in three different high schools. Efforts were made to bring forth their experience on how they approach their students and their view of how the quality of the relationship with students can affect their job satisfaction.

The results of the study indicate that teachers use mutual respect to reach their students better. They make sure to have personal connections and treat the students as peers. Teachers felt that the impact of their relationship with students does affect their job satisfaction. Students are the reason why teachers do this job and a quality relationship with students can have a positive effect on their job satisfaction. Difficulties in interaction with students seem to be rare, but if they exist, they can have a negative effect on the job satisfaction of high school teachers.









# Formáli

Verkefni þetta er unnið við kennaradeild Háskólans á Akureyri og er 30 eininga meistaraþrófsverkefni til M.Ed.-þrófs í menntunarfræði á framhaldsskóla stigi. Leiðsögukenningarinn minn var Guðmundur H. Frímansson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Honum vil ég þakka fyrir faglega leiðsögn og stuðning meðan á skrifum stóð. Ég vil þakka Urði Snædal fyrir að lesa yfir ritgerðina og hjálpa mér að gera hana enn betri.

Mig langar einnig að þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir stuðning og aðstoð meðan á skrifum stóð. Foreldrum mínum þakka ég fyrir mikla hvatningu og endalaus barnapössun svo ég hefði meiri tíma til að skrifa. Dóttur minni þakka ég skilning og umhyggjusemi á þessu álagstímabili. Karen Sif og Silvíu vil ég þakka fyrir stuðninginn og aðstoðina þegar ég þurfti á að halda. Þátttakendur rannsóknarinnar fá sérstakar þakkir fyrir að hafa tekið sér tíma til að ræða við mig en án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika.

Ég vona að þessi rannsókn varpi einhverju ljósi á mikilvægi góðs sambands milli kennara og nemenda og fái framhaldsskólakennara og aðra kennara til að velta fyrir sér starfsánægju sinni.



# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2. Fræðileg umfjöllun.....</b>	<b>3</b>
2.1 Samband milli kennara og nemenda .....	3
Hvernig viðhalda kennarar góðu sambandi við nemendur?.....	6
2.2 Framhaldsskólar.....	7
Væntingar til framhaldsskólakennara .....	8
Framhaldsskólanemendur .....	9
Kenningar um þroska unglunga.....	10
2.3 Starfsánægja.....	12
Skilgreining.....	12
Kenningar um starfsánægju .....	13
Rannsóknir á starfsánægju kennara .....	15
2.4 Samantekt .....	17
<b>3. Aðferð.....</b>	<b>21</b>
3.1 Rannsóknarsnið.....	21
3.2 Þátttakendur .....	22
3.3 Gagnaöflun og úrvinnsla gagna .....	23
3.4 Siðferðilegir þættir og réttmæti rannsóknar .....	24
<b>4. Niðurstöður.....</b>	<b>27</b>
4.1 Samskipti kennara og nemenda .....	27
Gagnkvæm virðing .....	27
Vandamál nemenda .....	30
Leikni kennara í samskiptum .....	32
Aðstoð við erfiðleika .....	36
4.2 Starfsánægja framhaldsskólakennara.....	39
Samverkandi þættir .....	39
Samband við nemendur .....	41
4.3 Svar við rannsóknarspurningu .....	43

<b>5. Umræður</b> .....	<b>45</b>
5.1 Sambandið .....	45
5.2 Starfsánægjan.....	46
<b>6. Lokaorð</b> .....	<b>51</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>53</b>
<b>Fylgiskjöl</b> .....	<b>59</b>

# 1. Inngangur

Kennarar eru hópur einstaklinga sem sinna ábyrgðarmiklu starfi. Þeir sjá um að nemendur frá unga aldri upp til fullorðinsára fái viðunandi menntun, þroskist og séu reiðubúnir til að takast á við framtíðina. Með mikilli ábyrgð fylgir oft álag og kennarar eiga það til að finna fyrir streitu, en ástæður hennar geta verið tímaþröng eða of mikið vinnuálag (Skaalvik og Skaalvik, 2014, bls. 188). Streita getur orðið til þess að starfsánægja kennara minnki, en laun, vinnuálag, starfsandi og stjórnunarhættir eru einnig þættir sem kennarar segja hafa áhrif á starfsánægju sína. Þeir kennarar sem þykir vinnuandinn slæmur eða eru óánægðir með laun sín eða stjórnunarhætti skólans eru aldrei jafn ánægðir í starfi og þeir sem eru ánægðir með þessa þætti í starfsumhverfi sínu (Guðrún Ragnarsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson, 2010, án bls.). Þrátt fyrir þetta virðist sem svo að framhaldsskólakennarar hér á landi séu flestir mjög ánægðir í starfi, en samkvæmt könnun Ómars H. Kristmundssonar (2006, bls. 47) á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna telja um 87% starfsmanna háskóla og framhaldsskóla sig ánægða í starfi. Ástæða þessarar starfsánægju framhaldsskólakennara liggur ekki fyrir en Ómar H. Kristmundsson bendir á að það sé tenging milli álags og streitu og starfsánægju.

Skaalvik og Skaalvik (2014, bls. 188) hafa rannsakað starfsánægju kennara í Noregi en samkvæmt þeirra rannsókn er stór þáttur ánægju kennara í starfi samskipti þeirra við nemendur og kennslan sjálf. Kennarar í framhaldsskólum á Grikklandi eru að öllu jöfnu ánægðir með starfið sjálft og í hverju starfið felst líkt og samskipti við nemendur og samstarfsfólk og að fá að sjá árangur vinnu sinnar, jafnvel þó þeim líki illa launin eða vinnuástæður (Anastasiou, 2014, bls. 47). Í rannsókn Guðmundar Inga Guðmundssonar og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2010, bls. 123) hér á landi kemur fram að samskipti milli kennara og nemenda séu ef til vill stór þáttur í starfsánægju framhaldsskólakennara. Því virðist það vera víða að gleðin í starfinu stafi að mestu leyti af ánægjulegum samskiptum. Höfundur þótti því tilefni til að skoða þetta viðfangsefni frekar.

Höfundur hafði áhuga á því að skoða hvað framhaldsskólakennurum myndist hafa áhrif á starfsánægju sína og hvort gæði sambands þeirra við nemendur gætu haft bein áhrif á hana. Einnig vildi höfundur skoða hvernig framhaldsskólakennarar næðu góðu sambandi við nemendur sína, en nemendur í framhaldsskólum eru jafnan á unglingsaldri og því áhugavert að skoða hvernig kennarar í framhaldsskólum ná til þeirra. En samband milli kennara og nemenda er margslungið og snýst ekki eingöngu um nám. Nemendur eyða stórum parti dagsins í skólanum og eiga í samskiptum við kennara daglega. Það sem nemendur þurfa frá kennara sínum er ekki alltaf bara leiðsögn í náminu, heldur treysta nemendur oft á að fá stuðning, hvatningu og skýr fyrirmæli um til hvers er ætlast af þeim. Nemendur vilja gjarnan fá hvatningu og að heyra hvað þeir gera vel (Frymier og Houser, 2000, bls. 216).

Í ritgerðinni verður byrjað á fræðilegri umfjöllun þar sem fjallað er um þá þætti sem snúa að rannsókninni, það er segja samband milli kennara og nemenda, framhaldsskólann og starfsánægju. Síðan kemur aðferðafræðikafli þar sem farið verður yfir rannsóknina sjálfa en notast var við eigindlega rannsókn til að fá innsýn í reynsluheim kennara. Farið verður yfir hvernig gagna var aflað, val á þátttakendum, réttmæti og siðferðilega þætti rannsóknarinnar. Þar á eftir kemur niðurstöðukafli þar sem niðurstöðurnar verða settar fram og að honum loknum verða þær settar í sambengi við fræðilegu umfjöllunina. Í lokin verður rannsóknin tekin saman í lokaorðum þar sem höfundur greinir frá því hvaða lærdóm megi draga af rannsókninni og hvernig hún geti nýst í framtíðinni.

Lykilhugtök: Framhaldsskólakennarar, framhaldsskólanemendur, samband, samskipti, starfsánægja.



## 2. Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður farið yfir fræðilegt samhengi rannsóknarinnar. Kafað verður í lykilmætti rannsóknarefnisins sem eru: Samband milli kennara og nemenda, framhaldsskólinn og starfsánægja. Fyrst verður farið í hvernig samskiptum milli kennara og nemenda er háttað, siðferði í samböndum kennara og nemenda og hvernig kennarar ná góðu sambandi við nemendur sína. Síðan verður farið yfir sérkenni framhaldsskóla og kennara og nemenda í þeim, og loks þroska barna á unglingsaldri. Síðast verður fjallað um hvað starfsánægja er, kenningar um starfsánægju og rannsóknir á starfsánægju kennara. Í lokin verður umfjöllunin tekin saman.

### 2.1 Samband milli kennara og nemenda

Félagsleg samskipti eru samskipti við annað fólk. Markmið þeirra geta verið margvísleg en þegar skilaboðin komast hreint til skila þá auðveldar það samskiptin, en ef eitthvað rangtúlkast hins vegar verða samskipti milli einstaklinga flóknari og jafnvel erfið. Tilfinningar skipta miklu máli þegar kemur að persónulegum samskiptum. Þegar talað er saman er oft verið að reyna að koma einhverjum tilfinningum til skila eða senda skilaboð með ákveðinni tilfinningalegri áherslu. Það eru fjölmargar atvinnugreinar þar sem samskipti skipta gríðarlega miklu máli og starfsfólk er í stöðugum samskiptum við aðra. Ein af þessum greinum er kennarastarfið (Hargie, 1997, bls 26–27).

Innan skóla eiga nemendur daglega í samskiptum við kennara sína. Kennarar geta þjónað sem leiðbeinendur, fyrirmyndir eða stuðningur fyrir nemendur. Mannleg samskipti geta mótað aðlögun nemenda og því er mikilvægt að hafa þau á jákvæðum nótum (Crosnoe, Johnson og Elder jr., 2004, bls. 75). Sýn kennara á kennslu er öðruvísi í dag en hún var hér áður fyrir. Það er sífellt lögð meiri áhersla á að nemendur taki meiri þátt og séu sjálfstæðari þegar kemur að náminu. En kennsla er gagnvirk og er byggð á félagslegum samskiptum á milli kennara og nemenda (Cothran, 1997, bls. 542–545). Því þarf eflaust að hlusta betur á raddir nemenda og taka mark á

skoðunum þeirra. Nemendur hafa ákveðin sjónarmið og ef gagnkvæmur skilningur nemenda og kennara eykst taka mögulega bæði kennslan og námið framförum (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018, bls. 215–222). Góð tengsl milli kennara og nemenda felast í nokkrum breytum. Báðir aðilar þurfa að stuðla að opnum og hreinskilnum samskiptum þar sem tekið er tillit til þeirra beggja. Kennarar vilja eiga í góðum samskiptum við nemendur sína og að sama skapi vilja nemendur eiga í góðum samskiptum við kennara. Bæði nemendur og kennarar þurfa að vera sjálfstæðir í sínu hlutverki og koma til móts við þarfir beggja aðila án þess að það sé á kostnað annars þeirra, því kennsla og nám gengur ekki nema báðir aðilar leggi sig fram og taki þátt. Ef samskiptin á milli kennara og nemenda eru ekki hrein og bein verður aldrei neinu afrekað í skólanum og er tilgangslaust fyrir báða aðila að vera á staðnum (Gordon, 2001, bls. 30).

Í flestum tilfellum er þögult samþykki milli allra aðila um sameiginlegan tilgang kennslunnar. Kennarar vita að þeir eiga að kenna og nemendur gera sér grein fyrir að þeir eiga að læra. Því eru yfirleitt fáir stórir hagsmunarárekstrar þegar kemur að kennslu. Alla jafnan verða sjaldan árekstrar milli nemenda og kennara, en ef svo fer eru þeir á smáum skala og hafa lítil áhrif á skólann sem heild. Þrátt fyrir það gera nemendur sér oft grein fyrir að þeir halda á ákveðnum spilum þegar kemur að því að taka þátt í skólasterfi. Nemendur geta hætt að taka þátt, notað slæma hegðun til að raska skólasterfi og verðlaunað kennarann með góðri hegðun til að stýra honum að því sem nemendurnir vilja gera (Cothran, 1997, bls. 542–545). Kennarar ættu þó að geta komið í veg fyrir ákveðna óæskilega hegðun með því að halda góðu umhverfi innan skólastofunnar, en hægt er að fá nemendur með sér í lið til að viðhalda bæði góðu andrúmslofti og umhverfi innan skólastofunnar. Einhverjir kennarar álíta að börn og unglingar séu ófær um að hafa skoðanir á skipulagi námsins en nemendur skilja vel hvernig þeir sjálfir læra og þess vegna þjónar það hagsmunum allra að hlusta á nemendur og reyna að taka tillit til þeirra. Námið og skólastofan tilheyra ekki bara kennaranum heldur deilir hann þessu með nemendum sínum og því ættu þeir að fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um námið og um umhverfið sem þeir stunda það í (Gordon, 2001, bls. 139; Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018, bls. 215–222). Í kennslu geta þarfir nemandans vikið fyrir lærdómnum en kennarar þurfa að viðhalda persónulegum samskiptum við nemendur því nemendur eru ekki aðeins meðtakendur heldur þarf að vinna með þeim. Nemendur hafa þann rétt að eiga

í samskiptum við kennara sem sýna fagmennsku í starfi. Hegðun sem kennarar sýna mótar þau viðhorf sem nemendur hafa gagnvart skólanum. Því geta góð samskipti milli kennara og nemenda verið hvatning til nemenda að sýna umhyggju og umburðarlyndi innan skólans (De Guzman o.fl., 2008, bls. 498–499; Benninga, Berkowitz, Kuehn og Smith, 2006, bls. 452). Rannsóknir sýna að nemendur sem eiga í jákvæðum samskiptum við kennara sína líður betur og gengur betur í skólanum (Crosnoe, Johnson og Elder jr., 2004, bls. 75).

Kennsla er í grundvallaratriðum siðferðilegur verknaður. Það er talið vera faglegt mál hvernig kennarar hugsa um nemendur sína og það er siðfræði í því hvernig þeir koma fram við þá (Bullough Jr., 2010, bls. 27). Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um siðferðilegt eðli kennslu og þróa með sér samviskusamlega skilgreiningu sem gerir þeim grein fyrir hvað er rétt og hvað er rangt þegar kemur að því að eiga í samskiptum við nemendur sína. Það er ákveðinn ójöfnuður milli kennara og nemenda og ábyrgðin á sambandi þeirra liggur mest í höndum kennara því þeir eru við stjórn. Því verða kennarar að tryggja það að þeir beri virðingu fyrir rétti nemenda sinna (Campbell, 2003 bls. 13 og 104). Þrátt fyrir öll mörk sem kennarar þurfa að virða þá komast margir kennarar ekki hjá því að þykja vænt um nemendur sína og vera annt um velferð þeirra, enda er samúð talin miðlæg hugsjón í kennslu. Í kennslustofu er ekki einungis mikilvægt að leggja áherslu á lærdóm heldur einnig stuðningsríkt umhverfi. Umhyggju þarf að sýna bæði gagnvart nemendum og námi þeirra (Hare, 1993, bls. 24–25). Það eru þó einhverjir kennarar sem halda að það að sýna umhyggju eigi ekki við þegar verið er að kenna eldri börnum eða fullorðnum, heldur sé það frekar fyrir þá kennara sem kenna á leik- og grunnskólastigi. Kennarar ættu þó alls ekki að láta sér vera sama um nemendur sína út frá þeirri forsendu að umhyggja valdi því að kennslan hætti að vera fagleg og kennarinn lækki væntingar sínar til nemenda. Þvert á móti sýna rannsóknir að þegar kennarar eru fjarlægir nemendum sínum, þá verði nemendur fjarlægir kennurunum. Því er umhyggja hluti af árangursríkri kennslu. Stuðningur milli kennara og nemenda gerir ekki lítið úr náminu heldur getur verið góð leið fyrir nemendur til að læra erfitt námsefni (Meyers, 2009, bls. 208). Samkvæmt Barrow (2015, bls. 56) getur það að þróa umhyggjusamt samband við nemendur gert bæði kennara og nemendur berskjaldaða. Kennarar eru faglega bundnir því í starfi að vita hvaða mörk má ekki fara yfir. Því eiga sambönd milli kennara og nemenda að byggjast á sameiginlegum hagsmunum þeirra sem einstaklinga innan skólakerfisins. Sameiginlegar skuldbindingar og áhugi á menntun ættu

að tengja kennara og nemendur. Þetta þýðir ekki að kennari eigi ekki að sýna umhyggju gagnvart nemendum sínum, heldur að hann þurfi að gera sér grein fyrir þeim valdamismun sem er á milli hans og nemenda. Kennarar tengjast nemendum sínum mismikið og ef línurnar á milli kennara og vinar verða óskýrar er líklegra að kennari mismuni nemendum. Þrátt fyrir að kennari tengist nemendum sínum á mismunandi hátt þarf hann því alltaf að halda í fagmennsku sína og sýna öllum nemendum jöfnuð og sanngirni.

### **Hvernig viðhalda kennarar góðu sambandi við nemendur?**

Nám og kennsla eru ekki einn og sami hluturinn, heldur eru þetta tvö aðskilin ferli. Það er ekki nóg að kennsla eigi sér stað hjá kennaranum svo að nemandinn geti lært. Ef bæði ferlin eiga að virka þarf að byggja upp tengsl milli kennara og nemenda og til þess þarf ákveðna samskiptahæfni. Nemendur eiga það sameiginlegt að vera mannlegir og það eiga þeir sömuleiðis sameiginlegt með kennaranum. Allar mannlegar verur vilja að þeim sé sýnd virðing, hvort sem það er kennarinn eða nemandinn. Nemendur sýna áhuga þegar þeir læra eitthvað spennandi, en missa áhugann þegar þeir gera það ekki. Þeir vilja vera sjálfstæðir en eru samt að einhverju leyti háðir kennara sínum. Kennarinn þarf því að koma fram við nemendur eins og hann myndi vilja láta koma fram við sig (Gordon, 2001, bls. 13–21).

Nemendur eru oft viðkvæmir fyrir of mikilli gagnrýni og því þarf kennari að passa sig að setja markið ekki of hátt, en samskiptin geta orðið erfið ef nemendum finnst kennarinn ósanngjarn. Kennarar þurfa því að vera umburðarlyndir gagnvart ýmis konar hegðun nemenda og passa að setja sjálfa sig ekki í dómarasæti. Þeir þurfa einnig að fara varlega í gagnrýni, því þótt hún eigi stundum rétt á sér þegar kemur að námi nemandans, ástundun hans eða athygli í tíma þá má kennarinn ekki skipta sér af því sem honum þykir gott eða slæmt í fari nemandans. Stöðug gagnrýni getur alið af sér vanlíðan. Kennarar halda oft að dómharka og gagnrýni geti dregið úr óæskilegri hegðun en það er misskilningur. Kennarar og nemendur þurfa að finna út saman hvar línan er á milli viðeigandi og óviðeigandi hegðunar. Þannig efla þeir samband sitt í sameiningu án þess að kennarinn sé of gagnrýninn eða of umburðarlyndur (Gordon, 2001, bls. 31–40).

Samkvæmt rannsókn Ryan og Patrick (2001, bls. 454–455) trufluðu nemendur minna og sýndu betri hegðun innan kennslustofu þar sem kennari

reyndi að skilja nemendur sína, virða þá og bauðst til að hjálpa þeim. Nemendur vilja að kennarinn sýni þeim umhyggju og styðji þá og stuðningur kennara er mikilvægur fyrir sjálfstraust nemenda. Þegar kennari hvatti til jákvæðra samskipta og gagnkvæmrar virðingar innan skólastofu þá jókst sjálfstraust nemenda og þeim leið betur í skólanum. Kennarinn þarf einnig að sýna virðingu gagnvart túlkun nemenda. Kennari getur sýnt gott fordæmi með því að velta fyrir sér vel rökstuddum tillögum sem nemendur stinga upp á og sýnt þeim virðingu með því að reyna að ákveða með sanngjörnum hætti hvort tillagan sé góð. Með því að stuðla að því að nemendur eigi rödd og rökstyðji mál sitt stuðlar hann að góðu sjálfstæði, gagnrýni og betri líðan (Hare, 1993, bls. 39). Því geta kennarar haft samskipti sín við nemendur á jákvæðum nótum ef bæði þeir og nemendurnir vinna saman í því að búa til gott og sanngjarnt andrúmsloft innan kennslustofunnar. Hafdís Ingvarsdóttir (2004, bls. 43) telur að það skipti gríðarlega miklu máli að tengsl milli kennara og nemenda séu byggð á gagnkvæmri virðingu og trausti.

## 2.2 Framhaldsskólar

Framhaldsskólar eru að mörgu leyti frábrugðnir grunnskólum og liggur sá munur bæði hjá kennurum og nemendum. Framhaldsskólar eru næsta stig á eftir grunnskólanámi og því þriðja stig menntunar. Nemendur sem hafa lokið grunnskóla, grunnskólaprófi, hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða eru orðnir 16 ára eru því gjaldgengir í framhaldsskóla (Þjóðskrá Íslands, e.d.).

Lögum samkvæmt á framhaldsskóli að starfa á ákveðinn hátt en í 2. grein í lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) segir að hlutverk þeirra sé að stuðla að þroska og þátttöku nemenda í þjóðfélaginu og bjóða einstaklingum nám við hæfi. Skólarnir eiga þannig að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í samfélaginu hvort það er í atvinnulífinu eða í frekara námi. Framhaldsskólar eiga að efla nemendur í móðurmálinu, efla ábyrgðarkennd og víðsýni, siðferðisvitund þeirra og umburðarlyndi. Einnig eiga skólarnir að þjálfa nemendur sína í góðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun. Framhaldsskólar eigi að mennta nemendur sína þannig að þeir hafi forsendur til að gegna störfum eða sækja sér frekari menntun. Að sama skapi er framhaldsskóla lýst sem skóla sem sinnir fjölbreyttu hlutverki í aðalnámskrá framhaldsskóla (2011, bls. 7). Nemendum á að gefast kostur á að velja sér fjölbreyttar námsleiðir sem

veita margvíslegan undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Við lok náms í framhaldsskóla fær nemandinn námsgráðu sem er lokamarkmið námsleiðar hans líkt og framhaldsskólapróf, stúdentspróf, próf til starfsréttinda, iðnmeistarapróf eða önnur lokapróf. Námsbrautir á framhaldsskólastigi þurfa að taka mið af þessum fjölbreytileika og mæta kröfum atvinnulífs og næsta skólastigs á sama tíma og þær veita nemendum alhliða menntun.

## Væntingar til framhaldsskólakennara

Það að kenna í framhaldsskóla er öðruvísi en að kenna í grunnskóla. Í framhaldsskólum eru eldri nemendur og kennarar hafa annað hlutverk en kennarar í grunnskólum. Í framhaldsskóla sérhæfir hver kennari sig á ákveðnum sviðum og kennir sína eigin faggrein mörgum nemendahópum eða bekkjum. Því eyða þeir að öllu jöfnu minni tíma með sömu nemendunum, ólíkt umsjónarkennurum í grunnskólum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 69).

Þegar kemur að kennslu eru ákveðnar reglur um störf kennara. Í siðareglum kennara segir að auk þess að mennta nemendur eigi kennari að efla gagnrýna hugsun hjá þeim, sýna þeim virðingu, áhuga og umhyggju og skapa góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi. Einnig á kennari að koma vel fram við nemendur sína, gæta trúnaðar við þá, vinna gegn fordómum og einelti og hafa jafnrétti að leiðarljósi (Kennarasamband Íslands, e.d.). Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla (nr. 1100/2007) eiga kennarar að annast eða taka þátt í kennslu, undirbúningi, námsmati og faglegu samstarfi. Auk þess eiga þeir að taka þátt í gerð kennsluáætlana og prófa, skráningu fjarvista nemenda sinna, almennri upplýsingagjöf vegna sjálfsmats skóla, hafa viðtalstíma fyrir nemendur sína og forráðamenn þeirra. Starfið er umfangsmikið og mikill partur af því tengist kennslu ekki beint. Fyrst og fremst hafa framhaldsskólakennarar þó það verkefni að mennta nemendur sína og kenna sína kennslugrein eins vel og hægt er.

Fagmennska kennara er oft rædd og í nútímasamfélagi þykir það sjálfsagt að kennarar séu fagmenn í sínu starfi. Þegar talað er um fagmennsku þá vísar hugtakið í að vera góður í sínu fagi. Þrátt fyrir að færni, kunnátta, og alúð tengist orðinu fagmennska þá tengist það líka starfsgrein. Þrátt fyrir að hægt sé að vinna ákveðin verk af alúð og kunnáttu þá telst það ekki fagmennska nema verkefni séu unnin með þeim hætti innan starfsgreinar (Sigurður

Kristinsson, 2013, bls. 238). Því ættu kennarar að vera fagmenn í kennslu og kenna með alúð, færni og kunnáttu. Því liggja gæði menntunar í höndum fagstéttar kennara, sem og árangur skólakerfisins, en fagmennska framhaldsskólakennara liggur í sérfræðilegri starfsmenntun, viðhorfum og þekkingu. Faglegur kennari hugsar ætíð um nemendur sína og menntun þeirra. En kennarar þurfa ekki einungis að kenna heldur að stuðla að námi, hæfni og efla frjóa hugsun ungmenna. Því snýst fagmennska kennara um kennsluna en einnig samskipti við og miðlun til nemenda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 11–12).

Það er talið að það hvernig kennari hugsar um vinnu sína, starfar og þroskast faglega á ferli sínum geti leitt til umbóta á skólastarfinu og þróunar þess (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 253–254). Ætlast er til þess að kennari viðhaldi starfshæfni sinni og auki hana, að hann vinni með samstarfsfólki á faglegan hátt og sýni öllum virðingu (Kennarasamband Íslands, e.d.). Sem fagmaður leitast kennari stöðugt við að meta, skoða og gagnrýna sig og það sem fer fram í kennslunni og hugsar þannig að hann geti alltaf bætt sig. Slíkur kennari er í raun alltaf að safna gögnum um kennsluna og rannsaka eigið starf (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002, án bls.).

## **Framhaldsskólanemendur**

Á Íslandi eru framhaldsskólanemendur yfirleitt á aldrinum 15—19 ára, að því gefnu að þeir fari strax í framhaldsnám að grunnskóla lokum. Auðvitað eru dæmi um að nemendur taki sér pásu og klári seinna eða að eldri nemendur sem fóru ekki í framhaldsskóla að loknum grunnskóla skrái sig seinna á ævinni í framhaldsnám. En yfirleitt eru framhaldsskólanemendur á unglingsaldri eða á byrjun fullorðinsáranna.

Nemendur hafa skoðun á því hvernig þeim er kennt og eru helstu gagnrýnendur kennara sinna. Á unglingsárum eru nemendur farnir að hugsa meira um menntun sína og láta sig varða um hvað og hvernig þeir læra. Því hafa þeir miklar væntingar til kennara sinna. Kennarar þurfa að skilja hvað það er sem nemandinn þarf, ekki bara út hvað námið varðar heldur einnig út frá samskiptum. Það hefur mikið að segja fyrir nemendur hvernig kennarinn kemur fram við þá og það er mikilvægt fyrir nemendur að þeim finnist kennarinn bera velferð þeirra fyrir brjósti. Nemendur í framhaldsskólum vilja einstakt samband frá kennara sínum; ekki eins samband og frá foreldrum sínum

heldur að kennarinn meðhöndli þá sem fullorðna en ekki eins og þeir séu börn. Nemendur vilja kennara sem er fær um að sjá frá þeirra sjónarhorni og þeir kunna að meta það þegar kennarar taka sinn tíma til að útskýra hluti vel. Eldri nemendur vilja að samskipti milli sín og kennarans séu á fullorðinsstigi og það er mikilvægt fyrir þá að þeim líki vel við kennarann sinn. Þó námsárangur skipti miklu máli fyrir nemendur þá er ekki síður mikilvægt að þeim líði vel í skólanum og fái viðurkenningu á þörfum sínum sem nemendur. Kennarar ættu því stöðugt að reyna að skapa tækifæri fyrir nemendur til að þróa jákvæð sambönd og sýna áhuga á menntun nemenda sinna með umhyggju og stuðningi (Pomeroy, 1999, bls 477; J-F, Swabey, Pullen, Getenet og Dowden, 2018, bls. 26–34).

Unglingar hafa þörf fyrir að miðla tilfinningum sínum og kennarar þurfa því að byggja upp jákvæð félagsleg tengsl við nemendurna. Því þurfa kennarar ekki einungis að huga að kennslufræðilegu sjónarhorni heldur einnig hvernig þeir eiga að koma til móts við fjölbreytta nemendur og miðla tilfinningum og þróa jákvæð félagsleg tengsl við nemendur sína innan skólans. Með því að þróa slík tengsl við nemendur sína eru þeir líklegri til að móta jákvætt andrúmsloft og finna fyrir ávinningi jákvæðra samskipta milli nemenda, sem er mikilvægt á unglingsárunum. Í Bandaríkjunum hafa skólar sem sinna framhaldsmenntun (e. High schools) verið gagnrýndir, bæði vegna væntinga um árangur sem hafa ekki staðist þar sem staðlar námsins eru ekki nógu góðir og vegna þess að þeir halda ekki nógu vel utan um nemendur sína (J-F, Swabey, Pullen, Getenet og Dowden, 2018, bls. 26–34; Santrock, 2011, bls. 375).

## **Kenningar um þroska unglinga**

Jean Piaget var svissneskur sálfræðingur sem er frægastur fyrir kenningu sína um vitsmunáþroska barna. Í þeirri kenningu skiptir hann þroska barna í fjögur stig. Á fjórða og síðasta stigi talar hann um börn 12 ára og eldri, en það stig heitir stig formlegra aðgerða. Á stigi formlegra aðgerða myndast óhlutbundin hugsun sem leiðir til margbreytilegrar þekkingar hjá barninu. Á þessu stigi er hugsun unglinga ekki lengur bundin við áþreifanlega hluti heldur geta þeir tjáð sig um ímyndaðar aðstæður, abstrakt veruleika og atburði sem ekki hafa átt sér stað og á sama tíma geta þeir rökrætt hugsun sína. Þótt yngra barn geti ímyndað sér uppspunna hluti þá er ekki víst að það geti rökrætt hugsun sína á sama hátt og unglingur gæti. Þessi tegund hugsunar segir mikið um hæfileika unglingsins



til lausnaleitar. Samkvæmt Piaget eru unglingar fullir af hugsjónum og möguleikum en þeir geta þó líka tekið þátt í raunverulegum vangaveltum og bera oft sjálfa sig við staðalímyndir sem þeim líkar við. Þó unglingar geti hugsað abstrakt og með miklu ímyndunarafli þá hugsa þeir líka á mun rökréttari hátt en yngri börn. Börn eiga það til að leysa vandamálin með því að prófa og mistakast; unglingar nálgast vandamálin á mun vísindalegri hátt þar sem þeir móta tilgátu um hvernig ætti að leysa vandamálið og prófa svo kerfisbundið lausnir. Þessi tegund af lausnaleit krefst hugmyndafræðilegrar rökhugsunar, sem felur í sér að móta tilgátu og álykta um afleiðingar.

Það eru auðvitað rök á móti þessari kenningu Piaget. Sumir trúa því að persónulegur munur á milli barna skipti meira máli og að margir unglingar þrói aldrei með sér hugsun formlegra aðgerða. Margir segja einnig að þroski komi ekki fram í stigum eins og Piaget heldur fram, en þrátt fyrir þessa gagnrýni hefur Piaget mikinn virðingarsess vegna starfa sinna innan þroskasálfræðinnar (Santrock, 2011, bls. 370–371).

Sjálflægni unglunga (e. adolescent egocentrism) er kenning ameríska barnasálfræðingsins David Elkind sem snýst um aukna sjálfsvitund unglunga. Þessi kenning hefur tvo lykilþætti: ímyndaða áhorfendur (e. imaginary audience) og persónulega dæmisögu (e. personal fable). Það heitir ímyndaðir áhorfendur þegar unglingar trúa því að allir hafi áhuga á þeim sjálfum og að þeir séu stöðugt í sviðsljósinu. Persónuleg dæmisaga er þegar unglungum finnst þeir vera sérstakir og ósigrandi. Þeir halda að enginn geti skilið þá en á sama tíma að ekkert slæmt geti hent þá. Þetta sést oft þegar lesnar eru dagbækur unglunga þar sem þeir eru búnir að skapa sér ákveðna sérstöðu í sögu sem full er af ímynduðum hlutum. Unglungum finnst þeir líka oft öruggir fyrir allskyns hættum og hörmungum og eru því þeir líklegri til að taka þátt í áhættusamri hegðun.

Það eru ekki allir sammála þessari kenningu og nýlegar rannsóknir benda frekar til þess að unglingar skynji sig alls ekki sem ósigrandi og séu oft hræddir um að deyja of snemma (Santrock, 2011, bls. 371–372).

Deanna Kuhn er amerískur sálfræðingur sem hefur gert rannsóknir á vitsmunalegum þroska unglunga. Hún heldur því fram að á síðustu árum barnæsku og í byrjun unglingsáranna fari einstaklingar að berjast við vitsmunasvið sem er ekki víst að þeir komist á, öfugt við börn sem ná að öllu

jöfnu öllum vitsmunastigum fram að þessu. Á unglingsárum verða talsverðar breytingar á vitsmunalegri virkni hjá einstaklingum. Þessi breytileiki styður það að unglingar stjórni eigin vitsmunapróun í mun meira mæli en börn gera, en á unglingsárunum þróast einna helst gagnrýnin hugsun. Ef mikilvægir þættir, líkt og lestrar- og stærðfræðigeta, eru ekki til staðar er ólíklegt að unglingar þrói hana með sér. Kuhn segir einnig að unglingar þurfi að taka mun fleiri ákvarðanir en börn og að eldri unglingar séu betri í því að taka ákvarðanir heldur en yngri unglingar, og yngri unglingar betri í því en börn. Unglingurinn er hins vegar tilfinningaveri og á það til að taka verri ákvarðanir þegar hann er mjög tilfinninganæmur eða í uppnámi. Unglingar eru til dæmis mjög veikir fyrir hópprýstingi og láta oft undan jafningjum sínum.

Kenningar um ákvarðanatöku unglunga telja að mögulega taki unglingar ákvarðanir í gegnum tvö vitsmunakerfi sem berjast við hvort annað. Annað kerfið greinir aðstæður á meðan hitt kerfið er tilraunagjarnt. Gagnrýnendur segja þó að þeim þyki þetta ólíklegt og unglingar prófi það sem þeir vilji prófa en hafi vitsmunina til að vita hvað sé of hættulegt. Þeir greini hvorki allar aðstæður á mjög vitsmunalegan hátt né stökkvi í allt sem þeim detti í hug, hvort sem það sé hættulegt eða ekki. Sumir segja að þessi kerfi virki saman hjá öllum einstaklingum og að allir upplifi dómgreindarleysi annað slagið (Santrock, 2011, bls. 372–373).

## 2.3 Starfsánægja

### Skilgreining

Starfsánægja er gleði sem maður hefur af starfi sínu (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2018, án bls.). Hún er tilfinningalegt ástand sem stafar af mati eða upplifun manns á starfi sínu. Hvort maður öðlast starfsánægju eða ekki fer eftir því hvað maður býst við að fá frá starfinu og hvað maður fær frá því í raun og veru (Locke, 1968, bls. 10). Starfsánægja samanstendur af mörgum sálfræðilegum svörum sem leynast í starfinu. Þessi svör hafa vitsmunalega-, áhrifa-, tilfinningalega- og hegðunarþætti. Starfsánægja vísar til innri vitsmunalegs og andlegs ástands sem er hægt að sjá með hegðunar- og tilfinningalegum viðbrögðum. Hana er hægt að mæla með matsaðferðum sem meta eiginleika og einkenni starfsins, tilfinningaleg viðbrögð starfsmanns við atburðum sem eiga sér stað í starfi og

hegðunarvandamál eða hvernig einstaklingur hegðar sér á vinnustað. Þó segja sumir að það sé mjög erfitt að mæla eitthvað sem byggist svona mikið upp af tilfinningum (Borman, Ilgen og Klimoski, 2003, bls. 257).

## **Kenningar um starfsánægju**

Kenning Maslows um stigveldi þarfa (e. Maslow's hierarchy of needs) snýst ekki beint um starfsánægju heldur um líf einstaklings. En kenningin hefur víðtækt notagildi og hægt er að yfirfæra hana á flesta hluti í lífi einstaklings, þar á meðal starfsánægju. Samkvæmt kenningu Maslows raðast þarfir manneskju eftir mikilvægi. Að öllu jöfnu raðast líkamlegar þarfir fyrst, hungraður maður hugsar til að mynda um lítið annað en mat og eyðir ekki tíma sínum í að hugsa um sálfræðilegar þarfir sínar. Þegar manneskjan er líkamlega vel á sig komin og öllum líkamlegum þörfum hennar er svarað, þá byrja að raðast upp aðrar þarfir sem geta verið sálrænni eða tilfinningalegri. Því ætti það að hafa áhrif á frammistöðu og getu einstaklings til að taka þátt í lífinu ef grunnþörfum hans er ekki svarað. Einstaklingurinn getur ekki einbeitt sér að reynslu sem tengist æðri þörfum því grunnþarfir hans eru ekki uppfylltar. Starfsmaður sem vinnur í öruggu vinnuumhverfi er þannig ólíklegur til að gefa persónulegum vexti sínum í vinnunni mikinn gaum því hann getur aðeins einbeitt sér að þeirri grunnþörf að vera öruggur.

Þessi kenning hefur verið gagnrýnd út frá því að fólk trúir því að einstaklingar geti hugsað um æðri þarfir sínar þrátt fyrir að grunnþörfunum sé ekki fullkomlega svarað. Til dæmis ætti einstaklingur í hættulegri vinnu alveg að geta hugsað um sjálfstæði sitt og að auka hæfni sína og tengsl við samstarfsfólk þó vinnuumhverfi hans sé ekki öruggt (Maslow, 1943, bls. 374; Rasskazova, Ivanova og Sheldon, 2016, bls. 542–548).

Tveggja þátta kenning Herzberg (e. Herzberg's motivator-hygiene theory) snýst um starfsánægju og felur það í sér að starfsánægja samanstandi af tveimur aðskildum þáttum. Fyrri þátturinn er hvatar sem valda starfsánægju og sá seinni er óánægja með innri þætti starfsins. Þættirnir snúast um það að vera ánægður í vinnunni og starfsánægju, sem eru ekki sami hluturinn. Þrátt fyrir að eitthvað valdi ekki óánægju þá þýðir það ekki að það valdi ánægju. Þú getur fundið fyrir starfsánægju en þrátt fyrir það verið óánægður með eitthvað í starfinu. Það er líka hægt að vera í starfi þar sem þú ert ekki óánægður með

neitt en samt finnur þú ekki fyrir starfsánægju. Það sem veldur starfsánægju eru hlutir sem hvetja þig eða hvatar (e. motivators). Þeir geta verið tilfinningin um að þú sért að vinna mikilvægt starf, atvinnuábyrgð, framfarir eða árangur í starfi. Viðurkenning sem veldur góðum tilfinningum getur komið frá hverjum sem er: yfirmanni, undirmanni, jafningja eða viðskiptavini. Þeir þættir sem valda óánægju í starfi eru innri þættir (e. hygiene) líkt og stefna fyrirtækisins, stanslaust eftirlit, persónuleg sambönd, staða, lítið starfsöryggi og lág laun fyrir mikið starf. Kenningin snýst þannig um það að þú getur fundið fyrir mikilli starfsánægju þrátt fyrir að vera óánægður með þætti eins og laun, stöðu eða stefnu fyrirtækisins. Að sama skapi geturðu verið í vinnu þar sem þú færð góð laun, allir á vinnustaðnum eru mjög indælir og staða þín er góð en þú finnur samt ekki fyrir starfsánægju því mögulega er ekkert líkt og atvinnuábyrgð, árangur í starfi eða viðurkenning frá samstarfsfólki sem hvetur þig áfram. Aðal gagnrýnin á þessa kenningu er sú að það er erfitt að sanna hana og einnig virðist fólk ósammála um hvaða hlutir teljist hvatar og hvaða hlutir teljist innri þættir. Sumir segja að það sé til dæmis hvatning að fá vel borgað fyrir starf sitt (Noell, 1976, bls. 5–31).

Hackman og Oldham settu árið 1976 fram líkan um eiginleika starfa (e. job characteristic). Líkanið fer yfir samspil þriggja þátta hjá starfsfólki. Þessir þrjú þættir eru (1) andlegt ástand starfsmannsins sem þarf að vera gott svo starfsmaðurinn geti þróað með sér áhugasöm vinnubrögð, (2) eiginleikar starfsins sem þurfa að vera til staðar svo starfsmaður geti skapað þetta ástand og (3) eiginleiki starfsmannsins sem ákvarðar hversu jákvætt hann bregst við flóknu og krefjandi starfi. Þótt starfsmaður geti þróað með sér áhugasöm vinnubrögð þá er mikilvægt að hann bregðist með jákvæðum hætti við ýmsum flóknum eða krefjandi verkefnum sem geta komið óvænt upp í starfinu. Einstaklingur á að finna fyrir jákvæðum áhrifum þess að hafa lært eitthvað af niðurstöðum verkefnis sem gekk vel og hann hafði áhuga á. Þetta styrkir einstaklinginn og er hvatning fyrir hann til að halda áfram og reyna að ná árangri í framtíðinni. Þegar verkefni gengur ekki vel fær hann ekki þessa styrkingu og reynir því meira á sig næst til að endurheimta styrkinguna sem góð frammistaða gaf honum. Því er þetta eins konar hringrás jákvæðs vinnuálags sem knúin er fram af sjálfstæðu framlagi starfsmanns og þetta heldur áfram alveg þangað til einn eða fleiri þessa þriggja þátta eru ekki til staðar.

Ef starfsmaður tekur til dæmis á sig fulla ábyrgð á árangri mikilvægs verkefnis í vinnunni en fær aldrei að vita hversu góðu verki hann er að skila, þá er ólíklegt að hann upplifi umbun sem hvetur hann áfram í starfi. Að sama skapi verður innri hvatningin ekki mikil ef starfsmaður veit hversu vel hann vinnur en verkefnin sem hann fær eru léttvæg eða án persónulegrar ábyrgðar (Hackman og Oldham, 1976, bls. 255–256)

Tilhneigingarnálgunin (e. dispositional approach) felur í sér að hægt sé að mæla persónuleg einkenni. Forsendan er að slíkar mælingar geti útskýrt viðhorf og hegðun. Stundum er gerður greinarmunur á hugtökum um persónulegar hneigðir, eiginleika, persónuleika og einkenni, en þessi hugtök byggja á sameiginlegum forsendum: að hægt sé að lýsa fólki með þeim, stöðugleika í tíma og að hægt sé að nota þau til að spá fyrir um hegðun í ákveðnum aðstæðum. Þessi tillaga tengist rannsóknum á skipulagi og hana er hægt að nota þegar kemur að starfsánægju eða viðhorfi gagnvart starfinu. Hægt væri til dæmis að nota hana til að rannsaka lundarfar einstaklinga og hvernig það hefur áhrif á aðstæður á vinnustað. Þá er hægt að skoða viðbrögð við aðstæðum sem skapast í vinnunni, hvaða einkenni koma út frá þessum viðbrögðum og hvernig þau geta haft áhrif á viðhorf einstaklings gagnvart starfi sínu. Mikilvægur þáttur kenningarinnar er að skoða sameiginleg viðbrögð og tilfinningar yfir langan tíma frekar en einstaka viðburði. Þessi tillaga hefur aðallega verið gagnrýnd út frá því að mælikvarðar á persónuleika taki mið af of litlum breytileika í mannlegri hegðun gagnvart aðstæðum og að það sé erfitt að halda breytum sem tengjast persónuleika stöðugum (Staw og Ross, 1985, bls. 470–471; Staw og Cohen-Charash, 2005, bls. 70).

## **Rannsóknir á starfsánægju kennara**

Veldman, van Tartwijk, Brekelmans og Wubbels (2013) rannsökuðu samband á milli kennara og nemenda og hvernig það hefði áhrif á starfsánægju kennara. Þeir fóru yfir kennsluferil fjögurra kennara, sem höfðu kennt í 25 ár eða lengur, með athyglina á sambandi við nemendur. Þeir notuðu matslista til að skoða ánægju í starfi og líkindi á kulnun í starfi og tóku síðan viðtal við kennarana. Niðurstöður þeirra sýna að kennararnir voru með mismunandi skoðanir á því hvað hefði áhrif á starfsánægju þeirra og allir kennararnir ætluðu að hætta í starfi sínu á einhverjum tímamarki en fylgdu því síðan ekki eftir. Allir fjórir

kennararnir töluðu þó um mikilvægi góðs sambands við nemendur sína og að þegar sambandið á milli þeirra og nemenda þeirra var ekki gott þá höfðu þeir minni ánægju af kennslunni. Á einhverjum tímabilum minnkaði starfsánægja kennarana þrátt fyrir gott samband við nemendur en það var þá vegna annarra vandamála í starfi, líkt og menntastefnu skólans, persónulegra vandamála eða vinnuálags. Á 25 ára ferli fannst tveimur kennurum samband þeirra við nemendur betra þegar þeir voru yngri og erfiðara að halda uppi góðu sambandi milli sín og nemendanna eftir því sem aldursmunurinn á milli þeirra og nemendanna fór vaxandi. Hinir kennararnir tveir töluðu aftur á móti um hvað samband þeirra við nemendur hefði alltaf verið gott þrátt fyrir hækkandi aldur. Annar þeirra minnkaði við sig kennslu og tók að sér meiri stjórnun í skólanum en hann entist stutt í þeirri stöðu því hann saknaði þess að eiga í sambandi við nemendur sína og fann fyrir minni starfsánægju eftir að hann hætti að kenna eins mikið (Veldman, Tartwijk, Brekelmans og Wubbels, 2013, bls. 56–63).

Spilt, Koomen og Thijs (2011, bls. 466–470) skoðuðu hvað hefði áhrif á velferð kennara. Rannsakendur skoðuðu ýmsar kenningar um mannleg sambönd og fyrri rannsóknir um efnið og komust að því að oftast er talað um að hegðunaryvandamál og ágreiningsmál nemenda séu þeir þættir sem valda kennurum streitu og vanlíðan. Kennarar virðast þó leita í samskipti við nemendur sína en höfundar telja að kennarar dragist að kennslustarfinu vegna þeirra miklu samskipta sem starfið býður upp á. Andrúmsloft sambandsins skiptir þó öllu máli, en ef það er slæmt þá getur það leitt til streitu hjá kennurunum og breytinga á líðan þeirra.

Í meginlegri rannsókn sem Betoret (2009, bls. 51–62) gerði á 724 kennurum, bæði í grunn- og framhaldsskóla, kom í ljós að álag á kennara kemur frá mörgum þáttum hvort sem það er vinnuálag, stjórnunarerfiðleikar í skólanum, slæm samskipti við foreldra eða við nemendur. Í rannsókn hans kemur fram að þegar framhaldsskólakennarar byrja að finna fyrir stressi tengdu starfinu þá verða þeir fyrir tilfinningalega úrvinda og byrja þá að þróa neikvætt viðhorf gagnvart nemendum sínum og þannig ágerist vandamálið enn frekar.

Í rannsókn sem gerð var meðal kennara úr 102 skólum á Ítalíu svöruðu þeir spurningalista um ánægju sína í starfi, árangur nemenda þeirra og getu þeirra í starfi. Það kom í ljós að trú kennarans á getu sína til að stjórna kennslustundum, verkefnum og mannlegum samböndum við aðra hefur mikil áhrif á starfsánægju þeirra. Kennarar sem hafa trú á getu sinni eru líklegri til að skapa betra kennsluumhverfi og ná frekar að viðhalda starfsánægju sinni.

Starfsánægja kennara er oft í hættu vegna mikillar ábyrgðar og skorts á umbun fyrir vel unnið starf. Því var hægt að álykta að hæfileikar kennara væru ekki uppspretta starfsánægju heldur væri það sjálfstraust og mat þeirra á starfinu sem ylli henni. Einhverjir kennarar eru eflaust góðir í starfi sínu en njóta þess ekki, en það virðist vera að þeir kennarar sem finnst þeir gera mest gagn í vinnunni séu þeir sem eru ánægðastir í starfi. Samkvæmt þessari rannsókn hefur starfsánægja kennara ekkert að gera með námsárangur nemenda en þó er ekki hægt að útiloka að hún felist að einhverju leyti í því að viðhalda viðleitni nemenda gagnvart skólasterfinu (Caprara, Barbaranelli, Steca og Malone, 2006, bls. 478–486).

Niðurstöður rannsóknar sem Skaalvik og Skaalvik (2017, bls. 21–33) gerðu á norskum framhaldsskólakennurum sýna að aukið sjálfstæði og stuðningur tengdist starfsánægju kennara og að þegar gott andrúmsloft var í skólanum og kennarar fengu stuðning þá var líklegra að þeim liði vel og væru ánægðir í starfi. Rannsóknin sýndi einnig að þegar starfsánægja kennara minnkar eru meiri líkur á kulnun í starfi.

## 2.4 Samantekt

Í þessum kafla var farið yfir samband milli kennara og nemenda, sérstöðu framhaldsskóla og starfsánægju. Í skólanum eiga nemendur í samskiptum við kennara á hverjum degi og mikilvægt er að halda þeim á jákvæðu nótunum, en rannsóknir sýna að nemendum sem eiga í jákvæðum samskiptum við kennara sína líður betur og gengur betur í skólanum (Crosnoe, Johnson og Elder jr., 2004, bls. 75). Kennsla er gagnvirk og því byggð á félagslegum samskiptum milli kennara og nemenda (Cothran, 1997, bls. 542–545). Eins og kom fram fyrr í kaflanum er alltaf verið að reyna að fá nemendur til að taka meiri þátt í námi sínu og efla sjálfstæði sitt en nemendur hafa ákveðin sjónarmið og ef gagnkvæmur skilningur nemenda og kennara eykst taka mögulega bæði kennslan og námið framförum (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018, bls. 215–222).

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um siðferðilegt eðli kennslu og þróa með sér samviskusamlega skilgreiningu sem gerir þeim grein fyrir hvað er rétt og hvað er rangt þegar kemur að samskiptum við nemendur. Vegna þess

valdaójafnvægis sem ríkir milli kennara og nemenda liggur ábygrðin á samskiptunum mest hjá kennurunum. Þeir verða því að tryggja það að þeir beri virðingu fyrir rétti nemendanna (Campbell, 2003 bls. 13 og 104).

Kennarar þurfa að kunna að viðhalda góðu sambandi við nemendur sína og segir Gordon (2001, bls. 31–40) að kennarar og nemendur þurfi að finna út saman hvar línan er milli viðeigandi og óviðeigandi hegðunar. Mikilvægt er að þeir geti eftt samband sitt í sameiningu án þess að kennarinn sé of gagnrýninn eða of umburðarlyndur. Samkvæmt rannsóknum trufla nemendur minna og sýna betri hegðun innan kennslustofu þar sem kennari reynir að skilja, virða og aðstoða þá. Nemendur vilja að kennari styðji við bakið á þeim og sýni þeim umhyggju (Ryan og Patrick, 2001, bls. 454–455).

Framhaldsskólar eru að mörgu leyti frábrugðnir grunnskólum og liggur sá munur bæði hjá kennurum sem og nemendum. Framhaldsskólarnir eru næsta stig á eftir grunnskólum og samkvæmt aðalnámsskrá framhaldsskóla (2011, bls. 7) eiga þeir að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu eða frekara nám. Í framhaldsskóla sérhæfir hver kennari sig á ákveðnum sviðum og kennir jafnvel sína eigin faggrein sem hann kennir síðan mörgum nemendahópum eða bekkjum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 69). Líkt og á öðrum skólastigum þurfa framhaldsskólakennarar ætíð að hugsa um fagmennsku sína en hún liggur í sérfræðilegri starfsmenntun, viðhorfum og þekkingu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 11–12).

Á Íslandi eru framhaldsskólanemendur á aldrinum 15—19 ára, að því gefnu að þeir fari í framhaldsnám strax að loknum grunnskóla. Á unglingsárum eru nemendur farnir að hugsa meira um menntun sína og láta sig varða um það sem þeir læra. Því hafa þeir miklar væntingar gagnvart kennurum sínum. Það hefur mikið að segja fyrir nemendur hvernig kennarinn kemur fram við þá og þegar unglingar sjá fullorðna í jákvæðu ljósi þá sýnir það að þeir eru ánægðir og líðan þeirra góð. Nemendur í framhaldsskólum vilja einstakt samband frá kennara sínum, ekki sams konar og við foreldra sína heldur að kennarinn meðhöndli þá eins og fullorðna en ekki börn. (Pomeroy, 1999, bls 477; J-F, Swabey, Pullen, Getenet og Dowden, 2018, bls. 26–34).

Margir hafa teftt fram kenningum um þroska unglinga. Jean Piaget sagði að á unglingsárum myndaðist óhlutbundin hugsun sem leiddi til margbreytilegrar þekkingar hjá barninu. David Elkind taldi að unglingar væru sjálflægir og tryðu því að allir væru að fylgjast með þeim. Deanna Kuhn gerði rannsóknir á vitsmunalegum þroska unglinga og telur að á unglingsárum verði talsverðar



breytingar á vitsmunalegri virkni hjá einstaklingum, einkum þróun gagnrýninnar hugsunar. (Santrock, 2011, bls. 370–373).

Í lokin á kaflanum var farið yfir fjórar kenningar um starfsánægju. Samkvæmt kenningu Maslows um stigveldi þarfa raðast þarfir manneskju eftir mikilvægi. Að öllu jöfnu raðast líkamlegar þarfir fyrst og einstaklingurinn getur ekki einbeitt sér að reynslu sem tengist æðri þörfum fyrr en grunnþörfum hans er fullnægt (Maslow, 1943, bls. 374). Tveggja þátta kenning Herzberg felur í sér að starfsánægja samanstandi af tveimur aðskildum þáttum. Sá fyrri er starfsánægja og sá seinni óánægja í starfi. Kenningin snýst þannig um það að einstaklingur geti fundið fyrir mikilli starfsánægju, þrátt fyrir að vera óánægður með þætti eins og laun, stöðu eða stefnu fyrirtækisins (Noell, 1976, bls. 5–31). Hackman og Oldham settu fram líkan um eiginleika starfsins sem fer yfir samspil þriggja þátta hjá starfsfólki. Þeir eru (1) andlegt ástand starfsmannsins, (2) eiginleikar og (3) eiginleiki starfsmannsins (Hackman og Oldham, 1976, bls. 255–256). Tilhneigingarnálgunin felur í sér að hægt sé að mæla persónuleg einkenni og fylgjast með þeim hjá starfsmanni til lengri tíma og spá þannig fyrir um hegðun hans í ákveðnum aðstæðum sem gætu komið upp á vinnustaðnum (Staw og Ross, 1985, bls. 470).

Samkvæmt rannsóknum á starfsánægju er mikilvægt að eiga í góðu sambandi við nemendur sína og kennarar hafa minni ánægju af kennslunni þegar samband milli þeirra og nemenda er ekki gott (Veldman, Tartwijk, Brekelmans og Wubbels, 2013, bls. 56–63). Oftast er talað um að hegðunarvandamál séu sá þáttur sem valdi kennurum vanlíðan. Kennarar virðast þó leita í samskipti við nemendur, en samskiptin sem kennarastarfið býður upp á eru mögulega ástæðan fyrir því að kennarar dragast að starfinu (Spilt, Koomen og Thijs, 2011, bls. 466–470). Í rannsókn Betoret (2009, bls. 51–62) kom fram að álag á kennara kæmi frá mörgum þáttum, hvort sem það er vinnuálag, stjórnunarerfiðleikar í skólanum, slæm samskipti við foreldra eða við nemendur. Þegar framhaldsskólakennarar byrja að finna fyrir stressi tengdu starfinu þá verða þeir fyrr tilfinningalega úrvinda og byrja þá að þróa neikvætt viðhorf gagnvart nemendum sínum og þannig ágerist vandamálið. Þegar kennarar fá stuðning í starfi sínu er líklegra að þeim líði vel og séu ánægðir í starfi, en þegar starfsánægja kennara minnkar eru meiri líkur á kulnun í starfi (Skaalvik og Skaalvik, 2017, bls. 21–33).



### 3. Aðferð

Í þessum kafla verður farið yfir aðferðafræði rannsóknarinnar. Fyrst verður farið yfir rannsóknarspurningu og tilgang rannsóknarinnar. Síðan verður rannsóknarsnið hennar skoðað og gerð grein fyrir aðferð við val þátttakenda, hvernig staðið var að gagnaöflun og úrvinnslu gagnanna. Að lokum verður gerð grein fyrir siðferðilegum þáttum og réttmæti rannsóknarinnar.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig samband á milli kennara og nemenda í framhaldsskólum hefði áhrif á starfsánægju kennaranna. Því var rannsóknarspurningin: Hvernig hafa gæði sambands á milli kennara og nemenda áhrif á starfsánægju kennaranna? Að auki spurði rannsakandi sig: Hvernig ná framhaldsskólakennarar góðu sambandi við nemendur sína?

#### 3.1 Rannsóknarsnið

Notast var við eigindlega aðferð við rannsóknina. Eigindlegar aðferðir gefa rannsakanda sýn inn í rannsóknarefnið og upplifanir fólks á ýmsum málefnum. Þær eiga að þjóna sem ferli sem dregur úr óvissu okkar um mikilvæg fyrirbæri eða spurningar. Þetta þýðir að þróun þekkingar felur í sér minni óvissu. Þegar maður tileinkar sér þessa hugsun um rannsóknir þá kemur í ljós að óvissan gildir ekki einungis um svör heldur líka hverjar spurningarnar eru. Því getur það verið gagnlegt að byrja á opnum spurningum, þar sem einstaklingar eru spurðir um eigin reynslu eða reynt að fá svör við tilteknum málefnum. Því er tilvalið að nota eigindlegar aðferðir þegar á að fara á dýptina frekar en breiddina í rannsóknum. Eigindlegar aðferðir geta verið gagnlegar þegar á að byggja upp eða þróa kenningar þar sem þær notast við spurningar sem viðmælendur geta svarað með sinni reynslu og út frá eigin aðstæðum (Sofaer, 1999, bls. 1103; Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 232–233). Því var ákveðið að velja eigindleg einstaklingsviðtöl til að kanna reynslu kennara í framhaldsskólum af sambandi þeirra við nemendur og sýn þeirra á starfsánægju sína.

Eigindleg einstaklingsviðtöl eru góð leið til að rýna inn í reynsluheim þátttakenda og skilja rannsóknarefni frá þeirra sjónarhóli (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 143). Þegar notast er við einstaklingsviðtöl geta þau verið opin eða hálf-opin, en spurningarnar eru þó alltaf opnar. Vanalega eru notaðir viðtalsrammar með ákveðnum opnum spurningum. Rannsakandinn fær samt

umtalsvert svigrúm varðandi orðalag spurninganna röð þeirra, því það er mjög algengt að viðmælandi byrji að svara spurningu sem hefur ekki enn verið borin fram. Þá metur rannsakandi hvort hann fylgi viðmælandanum eða haldi áfram að spyrja spurninga í rétttri röð (Sofaer, 1999, bls. 1110). Viðtölin geta verið mismunandi og þátttakendur tjá sig misjafnlega skýrt. Rannsakandinn og þátttakandinn þurfa að vera opnir og virða sjónarhorn hvors annars og leggja sig fram við að skilja það sem sagt er. Það að hlusta á raunverulegt innihald þess sem viðmælandi segir er mikilvægt til að tryggja að rannsakandinn skilji og geti spurt frekari spurninga (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 143–144; Adams, 2010, bls. 19).

Í þessari rannsókn voru tekin hálf-opin einstaklingsviðtöl við sjö kennara og var rannsakandi með ákveðinn viðtalsramma til að styðjast við (sjá fylgiskjal 1). Ákveðið var að notast við hálf-opin einstaklingsviðtöl til að kanna hugarheim, skoðanir og reynslu starfandi framhaldsskólakennara af viðfangsefninu.

Rannsóknarspurningin er: Hvernig hafa gæði sambands á milli framhaldsskólakennara og nemenda áhrif á starfsánægju kennaranna? Þar að auki spyr höfundur sig annarrar spurningar: Hvernig ná framhaldsskólakennarar góðu sambandi við nemendur sína?

## 3.2 Þátttakendur

Tekin voru viðtöl við sjö framhaldsskólakennara úr þremur mismunandi framhaldsskólum á Íslandi en úrtakið var valið eftir hentugleikum. Rannsakandi hafði samband við einn framhaldsskólakennara sem hann kannaðist við og bað hann að taka þátt í rannsókninni og sá benti síðan á aðra sem gætu verið til í að taka þátt. Því var úrtakið svokallað snjóboltaúrtak en það er þegar einn viðmælandi bendir á annan og svo koll af kolli. Þetta úrtak hentar vel ef þýðið er óþekkt (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 131). Þessi úrtaksaðferð hentaði rannsakanda vel vegna þess að hann þekkti fáa einstaklinga innan þýðisins og valdi því að biðja sérhvern þátttakanda um aðstoð við að finna aðra þátttakendur. Grundvallarregla trúverðugra rannsókna er að þátttakandi hafi reynslu af því sem er verið að rannsaka og þarf því að velja úrtak út frá tilgangi rannsóknar. Einnig getur verið mikilvægt að velja þátttakendur með mismunandi reynslu (Katrín

Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 131–132). Því lagði rannsakandi áherslu á að allir þátttakendur væru starfandi framhaldsskólakennarar en hafði samband við kennara úr þremur mismunandi skólum. Einnig var lögð áhersla á að þátttakendur væru fjölbreyttir og því var haft samband við kennara af báðum kynjum sem kenndu mismunandi faggreinar.

### 3.3 Gagnaöflun og úrvinnsla gagna

Byrjað var að afla gagna um miðjan febrúar og tók gagnaöflun um það bil þrjár vikur. Flest viðtölin voru tekin innan skóla viðmælenda á stað sem þeir völdu, þ.e.a.s. tónum skrifstofum eða skólastofum, en þó voru örfá tekin upp í Háskólanum á Akureyri í fyrirfram bókaðri kennslustofu sem hentaði fyrir viðtal og eitt viðtal var tekið í gegnum fjarviðtalsforritið Skype. Ástæða þess að viðtölin voru ekki tekin öll á sama stað var dreifing þátttakenda en þar sem þeir komu úr þremur mismunandi skólum þurfti að taka viðtölin á þann hátt að hentaði þeim sem best. Rannsakandi gætti þess að öll viðtölin væru jafn persónuleg og vel væri hægt að fylgjast með viðbrögðum og tilfinningum viðmælenda, sama hvar viðtalið var tekið. Notast var við viðtalsramma (sjá fylgiskjal 1) og tóku viðtölin um það bil 30–50 mínútur hvert. Allir viðmælendur fengu kynningu á rannsókninni fyrirfram og skrifuðu undir samþykkisyfirlýsingu um að það mætti taka viðtalið upp og nota það í rannsókninni. Viðtölin voru hljóðrituð á snjallsíma rannsakanda, skrifuð upp í tölvu og að því loknu var hljóðskranni eytt.

Þegar kemur að úrvinnslu eigindlegra gagna er hægt að nota ákveðnar aðferðir. Eigindleg gögn samanstanda af orðum og athugunum, ekki tölum. Eins og með öll gögn þarf greining og túlkun þeirra að skiljast sem krefst kerfisbundinnar nálgunar. Til þess þarf rannsakandi að skilja hvernig gögn hann er með í höndunum. Hann þarf að fara margoft í gegnum þau, hvort sem það er með því að lesa eða hlusta á þau, og skrifa niður hugsanir og túlkanir. Rannsakandi þarf að nota rannsóknarspurninguna til að ákveða hvernig greina á gögnin og nauðsynlegt er að skoða þau þemu sem gögnin mynda. Þegar rannsakandi hefur lesið gögnin yfir nokkrum sinnum getur hann merkt við atriði sem honum finnst mikilvæg og þá getur hann velt þeim fyrir sér og síðan gefið þeim ákveðin heiti, en þannig kóðar (e. code) hann gögnin – sem er svokölluð þemagreining (Taylor-Powell og Renner, 2003, bls. 1–2; Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 290). Við úrvinnslu gagnanna notaðist rannsakandi

við slíka þemagreiningu þar sem mikilvæg atriði voru merkt og síðan fann rannsakandi ákveðin yfir- og undirþemu í gögnunum.

### 3.4 Siðferðilegir þættir og réttmæti rannsóknar

Þegar unnið var úr gögnum rannsóknarinnar kynnti rannsakandi sér lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Samkvæmt þeim þótti ekki nauðsynlegt að senda tilkynningu til Persónuverndar fyrir þessa rannsókn. Allir þátttakendur fengu kynningarbréf á rannsókninni (sjá fylgiskjal 2) sem útskýrði að ekki yrði hægt að rekja gögnin með neinum þætti til þeirra. Einnig skrifuðu allir þátttakendur undir samþykkisyfirlýsingu (sjá fylgiskjal 3) þar sem hver og einn gaf samþykki fyrir notkun viðtalanna í úrvinnslu rannsóknarinnar. Í rannsókninni var notast við snjóboltaúrtak en eitt af vandamálunum við þannig úrtak er að það gæti sett nafnleynd einstaklinga í hættu (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 131). Vitandi það gætti rannsakandi þess að þátttakendur, þrátt fyrir að hafa gefið rannsakanda hugmyndir um aðra þátttakendur, vissu ekki hverja talað var við. Einnig er engin leið að sjá hver af þeim sjö einstaklingum sem rætt var við sagði hvað, en allir þátttakendur fengu dulnefni fyrir niðurstöðu- og umræðukafla ritgerðarinnar.

Í eigindlegum rannsóknnum er erfitt að segja til um réttmæti þar sem tveir rannsakendur komast ekki endilega að sömu niðurstöðum þó þeir kanni sama fyrirbærið. Ólíkir einstaklingar geta túlkað niðurstöður sömu rannsóknar á mismunandi hátt, en ef rannsóknin er góð ætti að vera hægt að sjá fyrirbærið í lýsingum rannsakandans. Í eigindlegum rannsóknnum er rannsakandi mælitækið og reynsla hans og hugsjón hafa mikil áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar þannig að hann þarf að vera gagnrýninn á sjálfan sig og gögnin sem hann aflaði (Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 293–294). Í þessari rannsókn gerði rannsakandi sér grein fyrir því að áhugi hans á efninu gæti haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar og því var reynt að horfa á gögnin á eins gagnrýninn hátt og hægt var.

Helstu takmarkanir þessarar rannsóknar eru annars vegar að líklegt er að viðmælendur séu þeir sem hafa mestan áhuga á efninu og vilja því frekar taka þátt en þeir sem hafa það ekki. Hafa þarf það í huga þegar litið er á niðurstöðurnar. Hins vegar endurspeglar niðurstöðurnar aðeins reynslu og hugmyndir sjö framhaldsskólakennara, og þó samanlögð reynsla þeirra gefi

rannsakanda ákveðna hugmynd um svar við rannsóknarspurningunni er ekki hægt að alhæfa um að þessar niðurstöður eigi við um alla framhaldsskólakennara.





## 4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður eigindlegra einstaklingsviðtala sem tekin voru við sjö starfandi framhaldsskólakennara úr þremur mismunandi skólum. Viðmælendurnir greindu frá reynslu sinni af rannsóknarefninu og koma þeir hér fram undir dulnefnunum: Silvía, Erla, Auður, Steinar, Haukur, Jón og Katrín. Viðtölin voru þemagreind í bæði yfir- og undirþemu. Yfirþemun eru samskipti milli framhaldsskólakennara og nemenda og starfsánægja kennaranna. Undirþemun eru gagnkvæm virðing, vandamál nemenda, leikni kennara í samskiptum og aðstoð við erfiðleika og síðan samverkandi þættir og samband við nemendur.

### 4.1 Samskipti kennara og nemenda

#### Gagnkvæm virðing

Þegar kennararnir voru spurðir út í hvað væri mikilvægast þegar kæmi að samskiptum við nemendur þá nefndu allir viðmælendur gagnkvæma virðingu. Mikið var talað um hversu mikilvægt væri að sýna nemendum sínum virðingu og koma fram við þá eins og venjulegar manneskjur. Silvía taldi að það væri mikilvægast að gleyma sér ekki í kennslunni heldur muna að það væru einstaklingar fyrir framan mann. Það þyrfti að sýna þeim sem einstaklingum virðingu en ekki bara líta á þau sem hóp eða bara nemendur sem ættu að meðtaka eitthvað. Auður tók undir þessi orð og sagði:

Ég virði þig sem nemenda og þú virðir mig sem kennara og við virðum hvort annað sem manneskjur.

Haukur taldi að það þyrfti að vera jafningjasamband á milli framhaldsskólakennara og nemenda þeirra. Þrátt fyrir að kennarar og nemendur væru kannski ekki beint jafningjar þá væru nemendur í framhaldsskóla á þeim aldri að það þyrfti að koma fram við þá sem fullorðið fólk. Auður tók í sama streng og sagði að það mætti aldrei tala niður til þeirra. Jón taldi að það þyrfti að vera ákveðinn heiðarleiki í samskiptum kennara og nemenda:

...nemendur eru ekki vara. Þeir eru fólk með tilfinningar og hluti af því að menntast er að ná sambandi allavega svona á eðlilegum nótum við fólk. Þó þú [kennarinn] sért ekki beint besti vinur þeirra en allavega að þeim finnst þá að það sé borin virðing fyrir þeim og ég finni þá fyrir gagnkvæmri virðingu á móti. Það skiptir miklu máli þessi gagnkvæma virðing sem kemur líka með heiðarleikanum held ég og hreinskilninni.

Haukur benti á hvað það væri mikilvægt að það ríkti virðing milli allra í kennslustofunni. Bæði væri virðing eitthvað sem virkaði á báða bóga og í kennslustofunni ættu líka allir að hlusta á alla. Silvía var sammála þessu en hún taldi að kennarar þyrftu að minna nemendur svoítið á að það væri sjálfsgöð kurteisi að hlusta á kennarann en á sama hátt þá þyrfti að sýna samnemendum virðingu þegar þeir væru að flytja eitthvert erindi fyrir framan hópinn. Erla talaði líka um þetta og sagði:

Mér finnst skipta máli... að þau [nemendur] finni fyrir öryggi þegar þau halda fyrirlestra, ég til dæmis banna síma í svoleiðis tilfellum og verð bara ill, hef einu sinni þurft að vísa nemenda út fyrir þetta... Það er nógu erfitt fyrir nemendur sem hafa engan áhuga á því að standa fyrir framan fólk og kynna, svo sést þetta á snapchat.

Þrír af viðmælendunum kenna einnig fjarnám og töldu að virðing væri nauðsynleg þrátt fyrir að kenna nemendum sem þær hefðu kannski aldrei hitt. Katrín sagði að gagnkvæm virðing væri mikilvægt atriði í samskiptum við bæði staðar- og fjarnema. Hún sagði að hún sem kennari gæti sýnt fjarnemum virðingu með því til dæmis að vera til staðar og reyna að vera fljót að svara fyrirspurnum þeirra. Þessir nemendur væru oftast í fjarnámi því þeir hefðu takmarkaðan tíma til að sinna náminu og kæmst ekki í reglulegu tímana og því skipti það þá máli að þeim væri sinnt jafn vel og staðarnemunum. Erla var sammála þessu en hún minntist á að það væri mikilvægt að kennarar og nemendur væru í þessu saman og létu þetta virka.

Nemendur eru í fjarnámi af ástæðu... ég er til dæmis með sjóara sem er ekki í tölvusambandi nema annað slagið. Stundum fæ ég bara 4-5 vikna vinnu alla í einu og svo heyrir ég kannski ekkert í honum þess á milli. Ég er ekkert að ergja mig á því þó ég fái svona súpukil.

Auður sagði að þó sambandið við fjarnemendur væri ekki jafn persónulegt, þar sem það væri ekki augliti til auglitis, þá væri það samt opið og að hún passaði að nemendur vissu að þeir gætu alltaf heyrð í henni í gegnum tölvupóst eða moodle og hún myndi svara eins fljótt og hún gæti. Hún sagði að samskiptin

væru góð og nemendur væru duglegir að senda henni fyrirspurnir. Með staðarnemana telur Auður að gagnkvæm virðing sé mikilvæg upp á andrúmsloftið í kennslustofunni. Hún segir að öllum eigi að finnast þeir vera öruggir í tíma og að muna þurfi að allir séu mannlegir. Þá næst skilningur á því að þó nemandi geri mistök þá sé bara fundin lausn á því og haldið áfram. Að sama skapi finnst henni gott að vita að ef hún geri mistök, gefi til dæmis óvart vitlaus fyriræli, þá geti hún bara beðist afsökunar á því og nemendur skilji það.

Við erum öll mannleg en á sama tíma er ég ákveðinni skör hærri en nemandinn en tala þó aldrei niður til þeirra.

Hún segir að þó gagnkvæm virðing ríki þá kveði hún upp úrskurð í öllum málum. Hún leyfir þeim oft að ráða hvernig verkefni þau geri og þau fá að taka ákveðnar ákvarðanir en það hvílir á henni að áfanginn fari rétt í gegn. Þrátt fyrir að allir virði hvern annan innan kennslustofunnar þá eru kennarar enn kennarar og stýra kennslustundinni. Silvía reynir að minna nemendur sína á að þau séu öll að stefna í sömu átt. Hún þurfi að fara með þeim í gegnum þetta efni og þau þurfi að læra það:

Ég reyni að leggja áherslu á það að við séum öll hérna að vinna í áttina að því sama. Ég hika samt ekkert við það að segja „mér finnst þetta rosalega leiðinleg bók“ en við skulum bara reyna að gera það skemmtilegt og reyna að finna einhvern vinkil á þetta... við erum að stefna í þessa átt, ég þarf að fara með ykkur í gegnum þetta.

Silvía segir að málið snúist bara um það að flestir kennarar haldi að þeir nái góðu sambandi við nemendur sína þrátt fyrir að margir geri það ekki. En það sem skiptir mestu máli er:

Þau [nemendur] eru í 90% tilvika fínasta fólk, ef maður er almennilegur við þau þá eru þau yfirleitt almennileg á móti... Auðvitað eru dagarnir mismunandi og bekkirnir mismunandi en heilt yfir eru þau kurteis.

Auður telur að sambandið milli kennara og nemenda verði að vera persónulegt, því annars nái kennarinn aldrei til nemendanna. Ef nemendur finna ekki persónu í kennaranum þá nenna þeir ekki að tala við hann. Því er ljóst að viðmælendur telja að besta leiðin til að ná til nemenda og eiga í góðum samskiptum við þá sé að sýna þeim virðingu og reyna að höfða til þeirra sem

manneskja. Þannig má reyna að búa til ákveðinn jafningjagrundvöll innan kennslustofunnar og virkja nemendur innan skólafunnar.

## Vandamál nemenda

Sumir viðmælendur telja að samskipti þeirra við nemendur byggist ekki einungis á því að ræða um námið og aðstoða þá við að læra eitthvað, heldur þurfi margir nemendur aðstoð og hvatningu við allskyns aðra hluti. Viðmælendur töldu að nemendur í framhaldsskólum væru margir hverjir á mjög viðkvæmum aldri og það kæmu upp ákveðin vandamál þegar þeir væru á þessu þroskastigi. Þegar Haukur var spurður um brýnustu þarfir nemenda þá sagði hann:

...að þeir hafi gott atlæti hér... þeir fái að blómstra svolítið á sínum forsendum og að það sé greið leið að aðstoð ef þeir þurfa slíkt. Það séu góð samskipti við kennara og millistjórnendur og námið það er þarna einhvers staðar en ég vil ekki segja að það sé svo afgerandi númer eitt að allt eigi að miðast við nám, próf og einkunnir.

Erla segir að hún þurfi að aðstoða nemendur við ýmsa hluti. Stundum þurfa nemendur sem koma annars staðar frá bara að vita hvar þeir geti æft fótbolta hérna, á meðan aðrir þurfa mikla hvatningu til að fá trú á sjálfum sér og sumir þurfa svo kennslu í almennum samskiptum.

Svona fyrir utan að kenna námsefnið þá er það þessi samskipti sem þarf að efla og kenna. Sumir nemendur eru ekki vanir að heyra hrós og eiga erfitt með að taka á móti því... sumir hafa aldrei komið hingað og spyrja „hvar get ég æft fótbolta?“ og svona þannig að maður er að hjálpa þeim miklu meira en bara í skólanum.

Viðmælendur töluðu um að þroski framhaldsskólanemenda hefði áhrif á samskiptin en að nemendur væru sífellt að mótast, þroskast og það væri mikill munur á þeim sem væru á fyrsta ári og þeim sem væru á því síðasta. Jón segir að hann komi ekki eins fram við nema sem eru á fyrsta ári og þá sem eru eldri en það fari oft í taugarnar á honum og fleiri kennurum þegar aðferðir, viðmót og viðhorf séu yfirfærð úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla því þroski nemenda sé einfaldlega öðruvísi. Haukur sagði að ef til vill væru nemendur í framhaldsskóla viðræðuhæfari og þroskaðri manneskjur en nemendur í 10.

bekk í grunnskóla. Erla segir að með auknum þroska framhaldsskólanemenda komi ákveðin vandamál en hún hefur reynslu af því að kenna í grunnskóla:

Ég hélt að þegar ég hætti að vinna í grunnskóla að það myndi svona minnka allar þessar greiningar... þau væru farin að kunna betur á ofvirknina sína eða lesblinduna eða stærðfræðiblinduna sína. En verkefnin koma áfram hingað en það bætist við öll ástarsorgin og ótímabæru þunganirnar.

Einnig segir Erla að það fari vinna í það að hjálpa nemendum sem færa sig úr einum framhaldsskóla yfir í annan, oft í óþökk foreldra sinna. Þá koma nemendur oft brotnir til kennara og það þarf að hughreysta þá. Auður segir að í framhaldsskólanum sem hún kennir við reyni þau alltaf að efla sjálfstæði nemenda, bæði sjálfstæð vinnubrögð í skólanum og líka tilfinninguna um sjálfstæði. Steinar segir einmitt að hann reyni að fá nemendur til að læra að taka ábyrgð á sjálfum sér, en að það sé mikilvægt skref í áttina að því að verða fullorðin. Haukur segir að á þessum aldri þurfi að virkja nemendur svolítið og fá þá til að finna sína styrkleika, en það sé oft eitthvað á baki nemenda sem geri það erfitt fyrir kennarann, hvort sem það eru heimilisvandamál eða jafnvel að nemendur séu að fíkta við eiturlyf, því þau eru á þeim aldri sem þannig hlutir fara að gerast. Silvía nefnir að nemendur á þessum aldri séu oft svolítið brotnir:

Oft þurfa þau bara klapp á bakið, skólinn hérna er þannig að við erum oft með þannig nemendur sem þarf að byggja svolítið upp, oft eru þau finir námsmenn en þau eru svo brotin. Maður þarf að styrkja þau, efla í þeim þrautseigjuna, seigljuna og sjálfstraustið. Það er mjög mikilvægt.

Kennararnir tala flestir um að nemendur hafi þörf fyrir að finnast þeir öruggir innan skólans. Jón talar um að það sé mikilvægt að kennarar séu ekki framlenging á heimilinu:

Það er kannski eitthvað í gangi inn á heimilinu, bæði gott eða ekki eins gott og þá er ekki gott að verða framlenging á nöldrinu og naginu sem er heima fyrir. Heldur að það sé eitthvað svona skjól hérna, mér finnst skólinn þurfa að vera svolítið skjól fyrir nemendur... þau eru bara oft bullandi örugg með allt.

Katrín talar um að það sé mikilvægt fyrir framhaldsskólanemendur að hafa einhvern innan skólans sem er traustur punktur fyrir þau. Það þurfi ekkert

endilega að vera hún eða annar kennari, það getur verið námsráðgjafinn, konan í mötuneytinu eða bókasafnsfræðingur. Þeir þurfi bara að finna að það sé traustar manneskjur innan skólans. Unglingsaldurinn er viðkvæmur aldur fyrir nemendur og Jón talar um að þessir típísku framhaldsskólanemendur á unglingsaldri séu oft þínu óöruggir að feta sín fyrstu spor sjálfir og aðeins að slíta sig frá foreldrum sínum og þá þurfi bæði skólinn og kennararnir að sýna því skilning. Katrín nefnir að sumir framhaldsskólanemendur séu miklir einfarar og það sé mjög erfitt að nálgast þá sem kennari og mynda persónulegt samband við þá. Auður segir að nemendur séu eins misjafnir og þeir séu margir og stundum séu einhver stærri vandamál sem geri þeim erfitt fyrir í daglegu lífi, en oft sé það þó bara eitthvað einfalt eins og svefnleysi. Hún talar um að oft eigi hún samskipti við nemendur sem séu virkilega þreyttir og úrillir, yfirleitt bara vegna þess að þeir vöktu of lengi við að spila tölvuleiki eða spjalla við vini sína. Haukur talar um að þó það sé mögulega mikilvægt fyrir framtíð nemenda að þeim gangi vel í skólanum þá megi það aldrei kosta of mikið:

...þau þurfa að skila einhverjum einingum en þau mega ekki gera það á kostnað geðheilsunnar til dæmis... það er oft álag á nemendur og það er erfitt fyrir marga að sinna sjálfstöðum tómsundum og aukaverkum eða tónlistariðkun, íþróttum og ætla líka að vera einhverjar félagsverur í skólanum. Þarna erum við ekki bara að tala um einhvern námsþroska heldur líka félagsþroska...

Viðmælendur tala um að það eigi aldrei að vera erfitt eða kvíðavaldandi fyrir nemendur að koma í kennslustund hjá þeim. Þau tala um hlýju og öryggi og að skólinn eigi að vera ákveðið athvarf þar sem nemendur fái að þroskast og dafna á eigin forsendum. Á þessum aldri virðast koma upp ákveðin vandamál hjá nemendum en viðmælendur nefndu óöryggi, geðheilsuvandamál, fíkniefnaneyslu, svefnleysi, lítið sjálfstraust, ástarsorg og ótímabærar þunganir. Því telja viðmælendur að nemendur séu á viðkvæmum aldri og þurfi meira úr sambandi við kennara en bara kennslu. Þeir þurfi líka að finna fyrir ákveðnu öryggi og umhyggjusemi frá kennurum sínum.

## **Leikni kennara í samskiptum**

Þegar kemur að erfiðleikum í samskiptum milli kennara og nemenda þá eru það ekki alltaf nemendur sem eiga sökina. Haukur sagði að ábyrgðin lægi oft

hjá kennaranum þegar samskipti milli hans og nemenda væru erfið. Hann sagði að það væri karakter kennarans sem skipti oft miklu máli:

Sumir hafa ekki karakter í kennslu, þeir ná ekki tengslum. Sumir kennarar vilja ekki sinna þeim þætti. Þeir eru bara fagmenn, vilja bara vera upp við sína töflu og sinna fræðunum. En ég tel að við þurfum að sinna nemendum líka, öllum samskiptum og tengslum.

Steinar var sammála og sagði að líklega væri hægt að benda á þá kennara sem væru líklegri til að lenda í basli þegar kæmi að samskiptum við nemendur. Hann sagði einnig að oft lýstu kennarar einhverju viðhorfi eða afstöðu til nemenda eða starfsins sem gæti stuðað nemendur.

...þetta fólk [kennarar] er frekar lítið sjálfsgagnrýnið og á það til að segja bara „en reglurnar eru svona, við verðum að gera þetta svona“ eða „Nei, ég ætla ekki að hafa aukapróf fyrir þessa sem mættu ekki í prófið um daginn“.

Steinar telur að þessir kennarar séu of stífir og talar um eiginleika og færni í samskiptum og að sumir kennarar séu með karakter sem eigi það til að stuða annað fólk. Steinar segir að stundum komi það fyrir að kennari segi eitthvað ógáfulegt en yfirleitt hafi hann þá vit á því að biðjast afsökunar og passa sig betur næst. Sumir kennarar segi hins vegar bara hvað sem er og séu endurtekið, önn eftir önn, í basli með nemendur sína. Þá hljóti það bara að vera eitthvað í karakter þessara kennara. Jón tekur undir þetta með orðunum „Það eru margir kallaðir en fáir útvaldir“. Silvía telur að ef vandamál komi upp oft hjá sömu kennurunum þá þurfi þeir að líta aðeins í eigin barm, því þá sé þetta hætt að vera tilviljun. Erla segir:

Það eru náttúrulega ákveðnir kennarar sem segja að þeir þurfi að komast yfir eitthvað námsefni og það sé ekki þeirra [að sjá um nemendur], þeir eru að kenna eitthvað námsefni en ekki endilega að hugsa um nemendur.

Viðmælendurnir töldu að ekki væri hægt að sinna eingöngu námsefninu ef þú ætlaðir að eiga í góðum samskiptum við nemendur þína. Það þyrfti alltaf að hlúa að mannlega þættinum að einhverju marki. Þó vöruðu nokkrir viðmælendur við því að tengslin yrðu of nánin:

Já það [sambandið] verður oft persónulegt en mér finnst það kannski líka mitt hlutverk að passa upp á það að það verði ekki of persónulegt.

Katrín segir að af því að hún vann áður í grunnskóla þá hafi skólastjóri framhaldsskólans sem hún starfar nú við varað hana við því að þjónusta nemendur sína ekki of mikið. Hún telur að hún sé í góðu persónulegu sambandi við nemendur sína en þrátt fyrir það þurfi að stuðla að ákveðnu sjálfstæði þegar kemur að nemendum í framhaldsskólum. Haukur telur að hann sé kannski of mikill vinur nemenda sinna og hann hafi fyrir nokkrum árum ákveðið að halda sig aðeins til baka en að lokum hafi hann komist að því að hann væri bara svona karakter, honum þættu nemendur skemmtilegir og nyti þess að eiga samskipti við þá. Katrín talaði einmitt um að framhaldsskólanemendur væru rétti hópurnir fyrir hana, þar sem henni fyndist þeir skemmtilegir og hún næði vel til þeirra.

Viðmælendurnir töldu að gæði samskipta milli kennara og nemenda réðust svolítið af því hvernig kennarar væru stemmdir. Silvía sagði að hún næði yfirleitt góðu sambandi við nemendur sína en það hefðu komið stundir þar sem hún hefði verið að vinna of mikið:

Ef ég er að vinna rosalega mikið og kem rosalega þreytt inn, eins og á síðasta ári þá var ég bara með of mikla kennslu, þá fann ég að ég hafði miklu minni þolinmæði og nennti ekki að mæta þeim [nemendum] og nennti ekki að hlusta á kvartið í þeim.

Auður segir að vandamál utan skólans hafi veruleg áhrif á bæði kennara og nemendur og það í hvernig skapi þeir koma inn í skólastofuna. Oft sé það bara almenna lífið sem er erfitt fyrir kennarana því margir eru að ganga í gegnum ýmislegt. Hún segir að kennarar séu líka manneskjur sem fari með lífið á bakinu inn í skólastofuna og það geti komið upp stundir þar sem kennarar bregðist illa við vegna þess að þeir séu misvel fyrir kallaðir. Þess vegna skipti svo miklu máli að ná góðum samskiptum við nemendur og geta útskýrt eða beðist fyrirgefningar þegar kennara verður á. Jón talar um að stundum sé hann fúll eða vilji virkilega vera í fýlu við einhvern en hann reyni þá að snúa því við og halda áfram að vera kurteis.

Haukur segir að stundum séu það ákveðnir hópar sem reyni sérstaklega á þolrifin hjá kennurum og að kennarar kvarti stundum yfir slíkum hópum. Hann telur það mikilvægt, þegar nemendahópur er sérstaklega erfiður og þolinmæðin alveg að þverra, að kennarinn leiði ýmislegt hjá sér. Það sé mikilvægt að láta ekki undan fyrstu viðbrögðunum því þá segi hann eitthvað sem hann á síðan eftir að sjá eftir og gerir samskiptin við nemendahópinn ennþá erfiðari. Hann telur að aðalatriðin í góðum samskiptum séu þolinmæði, hlýja og virðing.



Silvía hafði svipaða hluti að segja um það þegar nemendahópar væru erfiðir við kennarann:

Maður verður bara að vera fullorðinn, fara ekki í of mikla vörn sem maður gerir auðvitað innst inni og manni finnst þau [nemendur] vera oft ósanngjörn en einhvern veginn verður maður að tækla það. Kannski hafa þau eitthvað til síns máls... oft er gott að sofa á þessu því innst inni getur maður orðið sjóðandi illur en þá borgar það sig ekki að svara þeim.

Silvía sagði að stundum væru vandamál í samskiptum milli kennara og nemenda kennaranum að kenna. Stundum er það bara einn nemandi sem býr til ákveðin leiðindi innan skólastofunnar með ókurteisi og leiðindum við bæði kennara og samnemendur og úðar af sér neikvæðri orku. En oftast væri það samspil milli bæði kennara og nemenda. Það er kennarans að kunna að tækla erfiða nemendur en ef kennari á erfitt með að eiga við ákveðinn nemendahóp eða nemanda þá getur það bætt eldsneyti á eldinn. Jón segir að stundum sé einhver stífní innan hópsins sem geri andrúmsloftið í skólastofunni þvingað:

...það er einhver stífní eða eitthvað í gangi, þarf ekkert endilega að vera gagnvart mér, getur líka verið stífní innan hópsins. Einhver togstreita innan hópsins sem er þannig að það er ekki traust í hópnum sem gerir það að verkum að þá er ekkert endilega mikið traust til mín heldur. Þannig að það er ekkert endilega ég versus nemendur heldur tensíon eða spenna innan nemendahópsins sem veldur því að samskiptin eru ekki alveg heiðarleg.

Þegar nemendahópurinn er eitthvað stífur þá telur Jón best að setja sig bara í formlega gírinn, passa að fara vel undirbúinn í kennslustund og halda þeim uppteknum. Í sumum tilfellum virkar það að koma extra hress í tíma, með aulabrandara og slíkt upp í erminni en það fari svolítið eftir dýnamíkinni í nemendahópnum. Erla talar um að hún reyni að koma af stað skemmtilegum umræðum til að bæta andrúmsloftið inni í kennslustund. Hún sýnir nemendum áhuga og reynir til dæmis að tengja námsefnið við alls konar efni í fjölmiðlum til að halda andrúmsloftinu léttu og nemendum áhugasömum. Silvía segir að maður verði að vera svolítið tilbúinn til að hleypa nemendum að sér:

Ég held þetta sé svolítið undir manni sjálfum komið... ég reyni bara að vera rosalega mikið ég sjálf með öllum mínum göllum og klúðrum. Ég geri grín að sjálfri mér og reyni að vera bara eins og ég er venjulega... Mér finnst þau taka því bara... þau þurfa líka að leyfa sambandið.

Haukur segir að það sé þess virði að vinna að því að hafa gott andrúmsloft í kennslustofunni og það skipti miklu máli þegar kemur að góðum samskiptum. Hann segir að hann hafi lent í því einu sinni að andrúmsloftið innan nemendahópsins hafi bara verið hræðilegt en þá hafi verið einhver vandamál með einelti innan hópsins. Auður segir að þó einhver nemendahópur sé hrikalega erfiður og krefjandi þá sé það yfirleitt einsdæmi og yfirleitt séu hóparnir bara fínir.

Viðmælendur tala um að framhaldsskólakennarar þurfi að búa yfir ákveðinni samskiptahæfni og það þýði ekki bara að kenna fagið sitt heldur þurfi líka að sýna nemendum sjálfum áhuga. Vandamál í samskiptum geta komið upp bæði út af kennurum og nemendum, en oft er það blanda af hvoru tveggja. Viðmælendur telja að það skipti miklu máli að halda góðu og léttu andrúmslofti í skólastofunni.

## **Aðstoð við erfiðleika**

Viðmælendur tala um að ef eitthvað komi upp í samskiptum milli þeirra og nemenda þá sé langbest að hreinsa loftið strax. Fyrst þarf kennari að komast að því hvað sé í gangi og jafnvel tala við nemandann og sjá hvað er að. Ef erfiðleikarnir milli kennara og nemenda eru hins vegar virkilega djúpstæðir þá telja viðmælendur að sé best að fá aðra til að grípa inn í og aðstoða. Steinar segir að það sé best að tala við aðra um þessi vandamál fyrir en síðar. Hann segir að það þurfi stundum bara aðstoð til að hreinsa loftið:

Þetta er fyrst og fremst út af nemandanum að neminn hafi sem sagt kost á því að ræða um mig við einhvern annan... ég þarf ekki eins mikla vernd en neminn þarf stuðning.

Steinar bendir líka á það að í flestum framhaldsskólum sé sérstakur kvartanafarvegur eða gæðakerfi. Þá fara kvartanir og slíkt beint til skólastjórnenda og það er búið til mál, farið yfir það og leyst úr því. Hann talar um að hann hafi staðið í þessu fyrir nokkrum árum síðan þegar hann var áfangastjóri og öll málin sem hann leysti úr voru árekstrar milli kennara og nemenda vegna námsmats. Auður segir það mikilvægt ef upp koma alvarlegir árekstrar að fá aðstoð við að meðhöndla þá, hvort sem það eru foreldrar ef nemandi er undir 18 ára aldri eða námsráðgjafi:

Ef það kemur einhver hnútur í samskipti, þú leysir ekkert sjálfur úr því því hnúturinn er þarna og það er einhver ástæða fyrir honum og þá er ágætt að hafa einhvern annan inn í, hafa námsráðgjafa eða hafa umsjónarkennara nemenda eða á einhvern hátt að vera ekki einn í því.

Hún segir að þetta sé mikilvægt upp á að ekki komi upp „hann sagði, hún sagði“ ástand. Auðvitað eiga kennarar að geta rætt við nemendur sína og leyst ákveðin vandamál en ef það kemur upp einhver pattstaða sé best að fá utanaðkomandi aðstoð svo hægt sé að greiða úr vandamálunum. Jón segir að þetta fari svolítið eftir því hvernig samskiptaerfiðleikar sé um að ræða. Ef þeir eru virkilega djúpstæðir þá þurfi að fá aðstoð en yfirleitt leysist fljótt úr svona málum því nemendur í framhaldsskóla séu orðnir það þroskaðir að það komi sjaldan upp svona stærri mál. Silvía telur að stundum sé einfaldlega gott að ræða við aðra kennara um vandamálin og heyra skoðanir þeirra. Erla nefnir að nemendur verði að hugsa aðeins um hverju þeir kvarti undan:

Eins og ég segi við nemendur þegar þeir eru að kvarta, eins og ég sagði stundum sem gæðastjóri, ef þú ætlar að kvarta yfir kennara kvartaðu þá yfir einhverju sem er hægt að laga. Ef að röddin í kennaranum fer í taugarnar á þér þá er ekkert hægt að laga það, en ef það er framkoma, skrifar illa á töfluna eða eitthvað þá er mögulega hægt að bæta það.

Hún bætir því við að nemendur þurfi að gera sér grein fyrir því að ef þeir kvarti undan kennara þá sé kennaranum sagt frá því. Því verði nemendur að passa að kvartanir þeirra séu réttmætar því þeir þurfi kannski að vinna með kennaranum alla önnina. Erla segir að hún hvetji stundum nemendur sína til að tala við kennara og benda þeim bara góðlátlega á eitthvað sem betur mætti fara og að flestir kennarar taki því vel. En auðvitað eru erfið vandamál ekkert alltaf kennaranum að kenna og viðmælendur segja að það hafi komið upp mál þar sem nemendur áreittu kennara á einhvern hátt. Í slíkum tilvikum sé langbest fyrir kennarann að tala við yfirmann og reyna að fá aðstoð og í flestum framhaldsskólum sé líka sálfræðingur sem getur aðstoðað. Katrín talar um að námsráðgjafakerfið í þeirra skóla sé nokkuð gott og að hún geti alltaf heyrt í námsráðgjafa ef hún hafi áhyggjur af nemendum. Einnig segir hún að skólastjóri sjái að einhverju leyti um að taka við kvörtunum og vandamálum. Hún telur að það sé virkilega gott fyrir kennarana því þá sleppi þeir við að standa í þessu og geti í staðinn einbeitt sér að því að eiga í góðum samskiptum við nemendur sína:

Auðvitað koma upp einhver mál en það er yfirleitt skólastjórinn sem tekur þau og græjar, skilurðu? Um daginn var einhver þínu þreyta í kennurunum varðandi einhverja nemendur sem voru svolítið ágengir... og virtust vera að fara yfir einhver mörk... skólastjórinn fór bara í það að kortleggja vandamálið og hafði samband við okkur kennara „hvernig er þín upplifun á þessu“... skólastjórinn þínu tók þetta bara af okkur sem mér finnst dásamlegt því ég á erfitt með svona, ég bara meika ekki að vera í svona samskiptum sem eru erfið endalaust.

Haukur er aftur á móti ekki alveg sammála þessu og segir að í sumum tilfellum sé kannski skólakerfið hálf vanmáttugt því það hafi gerst að nemendur sem gerast brotlegir hafi fengið aðvaranir:

Það hefur skemmt mórallinn hérna að sumir nemendur virðast komast upp með það að skila stolnum verkefnum ítrekað. Falla á mætingu en halda samt áfram, svona einhver tilvik sem við sem kennarar vitum ekki alla söguna á bakvið og getum því lítið gert.

Hann segir að þetta sé svolítið erfitt fyrir kennara að því leyti að þrátt fyrir aðvaranir þá komist nemandi upp með eitthvað. Hvernig eiga kennarar að meðhöndla þessa nemendur? Þrátt fyrir þetta telur Haukur að svona mál séu mjög sjaldgæf og yfirleitt séu fá vandamál milli kennara og nemenda og þá langoftast eitthvað sem hægt sé að takast á við innan kennslustofunnar. Oft sé nóg að breyta bara um kennsluaðferð og virkja nemendur meira og svo sé hægt að taka samskiptadæmi úr eigin lífi og reyna að koma nemendum í skilning um það hvers konar framkoma sé æskileg innan skólans. Jón segir að stundum sé nóg að minna nemendur á að þeir séu ekki með áskrift að hárrí einkunn, þeir þurfi að vinna sig frá botninum og upp. Þegar nemendur skilja þetta þá hætta langoftast allir árekstrar sem varða námið. En svo bætir hann við: „en það er náttúrulega misjafn sauður í mörgu fé“.

Viðmælendur eru því sammála að oftast séu vandamál milli þeirra og nemenda lítilsháttar og hægt að leysa þau með spjalli eða einhverjum kennslubreytingum. En þegar koma hins vegar upp stórvægileg vandamál þá þurfi að fá aðra með sér í að leysa þau, líkt og skólastjórnendur, gæðastjóra, námsráðgjafa, sviðstjóra, sálfræðinga eða umsjónarkennara og foreldra fyrir yngri nemendur. Jón, Silvía og Erla minntust á að stundum væri gott fyrir kennarann að ræða við skólastjórnendur eða aðra kennara um vandamál til að fá sjónarhorn annarra. Haukur, Auður og Steinar nefndu að stórir og djúpstæðir samskiptaerfiðleikar við nemendur væru mjög sjaldgæfir.

## 4.2 Starfsánægja framhaldsskólakennara

### Samverkandi þættir

Flestir viðmælendur töldu að nokkrir mismunandi þættir hefðu áhrif á starfsánægju þeirra. Allir viðmælendur sögðust annað slagið þæla í starfsánægju sinni nema Steinar sem sagðist ekkert hugsa um hana. Viðmælendurnir töldu að þeir væru ánægðir í starfi sínu. Auður sagðist hugsa mikið um starfskenningu sína og þótti ómögulegt að vinna gegn henni. Hún sagði að það væri nauðsynlegt að vinna við það sem manni þætti gaman en það væru að sjálfsögðu þættir sem gerðu starfið stundum erfitt. Hún nefndi sérstaklega þætti tengda yfirstjórninni, fundarsetur og krísur í kringum nemendurna. Silvía og Haukur voru sammála um það að þeim fyndist það erfitt þegar verkefnabunkar hrönnuðust upp hjá þeim:

...þegar verkefnabunkarnir hrannast upp og maður hugsar „æi, get ég ekki verið bara í svona starfi sem er búið klukkan 4 á daginn“ og það er eiginlega eina sem hefur verið að draga starfið niður síðustu ár. Mér finnst alltaf erfiðara og erfiðara að fá stóra verkefnabunka. Eins og núna eftir fyrstu 4-5vikur annarinnar þá eru þetta allar helgar til vors sem eru undirlagðar verkefnum. En svo gleymir maður því bara í maí og júní að þetta hafi verið svona strembið.

Silvía segir að það byggist upp ákveðin þreyta gagnvart starfinu þegar hún eyði öllum sínum kvöldum í að fara yfir verkefni eða próf. Haukur telur þetta vera út af því hversu marga nemendur hver kennari sé með. Það sé erfitt að sinna svona mörgum nemendum og þegar þeim fjölgi aukist verkefnaálagið. Jón telur aftur á móti að það séu breytingar innan skólans sem hafi stærstu áhrifin á starfsánægju hans:

Það hefur varla verið hérna... hvað eigum við að segja, stöðugleikatímabil. Búið að vera stanslaust ólga og breytingar. Auðvitað eru breytingar nauðsynlegar en svona örar breytingar og oft á tíðum breytinganna vegna en ekki vegna þarfa að þær eru stundum þínu lýjandi og allt það.

Hann segir að það sé búið að vera sérstaklega mikið rót á skólastarfinu núna upp á síðkastið vegna breytinga á lengd framhaldsskóla úr fjórum árum yfir í þrjú. Hann telur líka að það sé verið að þrýsta of mikið á kennara að taka þátt í samstarfi. Honum þykir þó sjálfum fínt að vera í samráði við aðra kennara en segir að of mikið samstarf dragi úr sjálfstæðinu sem hann finnur fyrir í starfi sínu og það hafi vond áhrif á starfsánægju hans. Katrín talar um hvað starfið hennar sé stöðugt og að það geri hana ánægða í starfi. Hún segir að skólinn sem hún starfar við haldi vel utan um starfsfólkið sitt og í rauninni vanti hana aldrei neitt:

Ég kom úr grunnskóla þar sem ég þurfti bara að gera gott úr því litla sem ég hafði. Því er þetta allt öðruvísi. Framhaldsskólinn bara skaffaði það sem ég þurfti. Góðan stól, standandi skrifborð. Það er hugsað um mann sem starfsmann.

Silvía segir að ef maður sé alltaf pirraður út af launum, mórál á vinnustaðnum eða of miklu vinnuálagi þá sé mjög erfitt að vera góður starfsmaður. Hún telur að launin skipti auðvitað ákveðnu máli þegar kemur að starfsánægju því það sé nauðsynlegt að fá laun fyrir vel unnið starf. Hún hefur verið tiltölulega ánægð með launin síðan urðu kjarabreytingar hjá framhaldsskólakennurum fyrir nokkrum árum. Jón telur einnig að launin skipti máli og hefur verið ánægður með það hversu vel framhaldsskólanum sem hann starfar við hefur tekist að bjóða upp á samkeppnishæf laun. Haukur telur þó að það séu margir hlutir sem skipti meira máli en launin:

Vinnuálag og streita. Streita er loksins farin... vera í brennidepli sem orsakavaldur að öllu illu og hún er hræðileg og hún getur komið út af þessum erfiðleikum í samskiptum við erfiða bekki, jafnvel samskipti á kennarastofunni og álagi sem fylgir verkefnayfirferð og of mörgum nemendum... þetta finnst mér miklu meira álagsvaldur og hafa meiri áhrif heldur en einhverjar krónutölur, einhver kaup en það getur auðvitað líka haft áhrif.

Heilt yfir virðast þeir framhaldsskólakennarar sem rætt var við vera ánægðir í sínu starfi. Þeir benda á að það séu margir þættir sem hafa áhrif á starfsánægju líkt og laun, samskipti við nemendur, mórall á vinnustaðnum, stjórnendur skólans, verkefnaálag, of mikið af nemendum á hvern kennara og örar breytingar á vinnustaðnum.

## Samband við nemendur

Ég hef ákveðið að þegar það gefur mér ekki lengur ánægju að eiga í samskiptum við nemendur þá hætti ég að kenna.

Viðmælendur voru sammála að það væru margir þættir sem hefðu áhrif á hvort maður væri ánægður í starfi. Þegar kæmi að samskiptum við nemendur þá kæmi stundum einn nemandi eða einn hópur sem gerði starfið erfitt. En samt voru allir sammála um að sá þáttur sem veitti þeim mesta ánægju væri tíminn sem þeir eyddu með nemendum sínum. Silvía orðaði þetta svona:

Upprunalega ætlaði ég ekki að verða kennari en það hefur alveg komið mér á óvart hvað það er skemmtilegt, því mér leiðist mjög auðveldlega, en þetta er svo krefjandi starf og svo fjölbreytt. Þannig að stundum þegar vinnufélagarnir eða eitthvað eru að drepa mann úr leiðindum þá eru það bara nemendurnir sem halda mér gangandi. Stundum gengur maður út úr tíma og hugsar „ég vil aldrei hitta þessar unglunga aftur!“ en mjög oft er það þannig að ég fæ miklu meira út úr því að fara í tíma. Þau eru hress einhvern veginn, allt öðruvísi orka frá þeim og bara gaman.

Jón segir að það að eyða sínum stundum með ungu og hressu fólki gefi honum heilmikla lífsfyllingu. Hann segir að yfirleitt séu framhaldsskólanemendur jákvæðir, hafi ákveðnar væntingar fyrir framtíðina og langi að standa sig vel og sem kennari finni hann að hann standi sig vel í starfi. Hann talar þó um að nemendur ráði því svolítið hvernig starfið gengur:

Jú, veistu það þeir [nemendur] stjórna þessu náttúrulega að því leyti að daginn sem ég verð endanlega orðinn gamall og hallærislegur þá verður náttúrulega heilmikil brekka... Þannig það er bara spurning hvað verður en nemendur ráða náttúrulega ansi miklu um það hvort maður sé affarasæll í starfinu. Ráða nánast öllu. Þá er það þetta hvernig nær maður til nemenda? Og það er stóri galdur í þessu... Á meðan samskiptin eru góð og ganga fyrir sig þá er þetta bara fínt þannig þá gengur þetta. En um leið og ég hætti að skilja hvað þau eru að fara og allt það þá náttúrulega er ég ekki á góðum stað.

Katrín segir að þegar hún sé í kringum nemendur þá þurfi svo lítið til að gleðja hana. Bara það að einhver þakki henni fyrir aðstoðina eða hrósi kennslunni á einhvern hátt gefur henni mikla ánægju. En auðvitað koma líka stundir þar sem kennarar verða þreyttir á einhverjum ákveðnum nemendum eða ákveðnum hópum. Auður sagði:

... ef það eru krísur við nemendur sem gætu mögulega komið upp þá hefur það áhrif á starfsánægju. En það er ekki víst að það sé varanlegt, það getur verið erfið vika, það er allt í lagi, en ef það er farið að vera erfið vika í hverri einustu viku þá þarf kannski að fara að skoða eitthvað.

Hún talar um að kennarar megi aldrei kvíða fyrir starfinu og hennar reynsla er sú að í flestum tilfellum sé það ekki þannig. Hún segir að erfiðleikar tengist oft einhverjum einstökum nemanda eða einstökum hóp og í því tilviki þá séu þeir oftast tímabundnir. Á meðan sé kennarinn kannski líka að kenna þremur öðrum hópum sem séu hver öðrum dásamlegri. Haukur segir að sem kennari þurfi maður fyrst og fremst að hugsa um eigin líðan. Með endurmenntun, símenntun og því að halda jákvæðu hugarfari og hætta að hlusta á aðra þegar þeir segja að einhverjir nemendur séu ómögulegir heldur forma eigin skoðanir á þeim, þá ætti einstaklingnum að líða vel í þessu starfi. Erla kemur inn á það að oft smiti kennarar bæði nemendur og aðra starfsmenn með sínu eigin hugarfari:

Ég held reyndar að ef maður hefur áhuga á starfinu sínu og áhuga á því sem maður er kenna þá smitar maður alltaf einhverja... Þetta kemur í ljós þegar þú ert að kenna sama áfanga tveimur hópum, það er gjörólíkt... hóparnir eru gjörólíkir og það er kannski alltaf skemmtilegra að kenna öðrum, en hinn virkar alveg. Það er okkar sálarástand sem ræður því mikið hvernig kennslan gengur. Ég held að ef maður er neikvæður að kafna ofan í klofið á sér yfir öllu, þá verða nemendur það líka.

Jón segir að stundum komi upp verkkvíði þegar kemur að einhverjum ströngum verkefnalotum í skólanum. En strax og allt er farið í gang þá slakni á honum og hann sé sáttur. Svo telur hann að þó einhverjir nemendur eða hópar séu erfiðir þá sé það ákveðinn sigur að gefast ekki upp og ná að halda uppi kennslu. Hann segir: „það eru sókn og sigrar í þessu sem veita mesta ánægju“. Steinar segir að stundum vanti ákveðna nemendur og þá gangi kennslan betur fyrir sig. Samt segist hann aldrei bera kala til ákveðinna nemenda, en engum líki við alla. Hann segir jafnframt að samband hans við flesta nemendur sé bara frábært.

Margir viðmælendanna töluðu um að stundum færi það í taugarnar á þeim þegar nemendur legðu sig ekki, eða þegar þeir sem gætu eða þeir sem þyrftu mest á því að halda væru ekki að standa sig. Hins vegar væru það mestu verðlaunin þegar nemendur stæðu sig vel, bæði í námi og í lífinu.

Það er svo ótrúlega gaman að sjá árangurinn úr starfinu, þó krökkunum sé alveg sama hvort við kenndum þeim eða ekki en þegar maður sér



krakka sem voru kannski snarvitlausir þegar þeir voru 16 ára og svo bara nokkrum árum seinna alveg frábærir, vel menntaðir einstaklingar þá er maður alveg eins og mamma þeirra, æðislegt. Það skiptir máli að uppskera.

Þetta segir Silvía, en hún og margir aðrir tala um að einkunnir skipti kannski ekki mestu máli heldur að kennararnir hafi náð að leiðbeina nemendum á einhvern hátt, hvort sem það eru nemendur sem áttu erfitt með námsefnið en náðu áfanganum, eða nemendur sem voru rosalega feimnir en tókst að standa fyrir framan aðra og kynna eitthvert ákveðið verkefni. Eins og Erla segir: „Ég verð glöð þegar ég verð vitni að einhverjum persónulegum sigrum“. Katrín nefnir það líka að henni þyki æðislegt að sjá hversu hugmyndaríkir nemendur hennar eru þegar þeir útfæra verkefni á einhvern frábæran hátt. Haukur tekur í sama streng og segir að gleðin sem hann fái þegar nemandi skilar nánast listaverki til hans sé mikil. Steinar segir að það að nemendum líði vel í tíma hjá honum skipti hann miklu máli og það veiti honum gleði þegar nemendur séu glaðir. Jón talar um að það fylgi því mikil ánægja að aðstoða nemendur sem eru á mörkunum með að ná áfanganum og ná að fylgja þeim til betri árangurs.

Viðmælendur eru sammála um að samband þeirra við nemendur geti haft áhrif á ánægju þeirra í starfi og þó það komi fyrir að ákveðnir nemendur eða nemendahópar geti dregið úr starfsánægju sé það oftast sem nemendur auki starfsánægjuna. Bæði með samskiptum og í gegnum kennsluna virðist sem þessir framhaldsskólakennarar fái mikla ánægju af því að eyða tíma með nemendum og sjá þá uppskera fyrir erfiði sitt.

### **4.3 Svar við rannsóknarspurningu**

Tilgangur rannsóknarinnar, og rannsóknarspurningin, var að skoða hvernig gæði sambands á milli kennara og nemenda í framhaldsskólum hefði áhrif á starfsánægju kennaranna. Að auki spurði rannsakandi sig: Hvernig ná framhaldsskólakennarar góðu sambandi við nemendur sína?

Viðmælendur töldu að starfsánægja þeirra réðist af mörgum þáttum: samskiptum við yfirstjórnendur, mórál á vinnustaðnum og samskiptum við samstarfsmenn, samskiptum við nemendur, vinnuálagi, streitu, launum, breytingum og því að þurfa að sinna of mörgum nemendum í einu. Þegar talað

var um samband þeirra við nemendur töldu allir viðmælendurnir að það væri gott en annað slagið kæmu upp einhverjir erfiðleikar, annað hvort við heilan hóp eða einstaka nemendur innan hópa, sem hefðu áhrif á gæði þess. Kennararnir voru sammála um að erfiðleikar í samskiptum hefðu slæm áhrif á starfsánægju þeirra, en notuðu þó ekki mjög sterk orð til að lýsa því. Yfirleitt lýstu viðmælendurnir ákveðnum pírtingi eða þreytu gagnvart erfiðum nemendum eða hópum og töldu að erfiðleikarnir væru tiltölulega skammvinnir og yfirleitt væri hægt að leysa úr vandamálum milli kennara og nemenda. Aftur á móti lýstu viðmælendurnir því yfir að nemendur væru ástæða þess að þeir störfuðu við kennslu og það að umgangast nemendur væri stærsti þáttur ánægju þeirra í starfi. Þó voru það ekki aðeins samskiptin sem veittu ánægju heldur ferðalagið sem kennarar færu í með nemendum. Viðmælendurnir töluðu um að þeir fengju gleði af því að fá að sjá nemendur þroskast, dafna, ná árangri og vinna persónulega sigra. Sömuleiðis sögðust þeir fá mikið út úr því að verða vitni að því hversu hugmyndaríkir og frjóir einstaklingar nemendurnir væru. Þannig sést að viðmælendur finna starfsánægju af því að sjá árangur vinnu sinnar. Því má velta því fyrir sér hvort það sé ekki sambandið í heild sem gefur kennurum mestu ánægjuna, að fá tækifæri til að kynnast nemendum persónulega og fylgja þeim í gegnum skólagönguna.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvernig best væri að ná góðu sambandi við nemendur þá sögðu þeir allir að besta leiðin til þess væri gagnkvæm virðing. Framhaldsskólanemendur væru orðnir það gamlir og þroskaðir að það mætti alls ekki tala niður til þeirra heldur þyrfti að koma fram við þá sem jafningja og kennarinn þyrfti að sýna þeim virðingu og nota sér einstaklingsnálgun. Til að ná best til nemenda þyrfti sambandið að vera persónulegt og viðmælendur töluðu um að nemendur hefðu ekki einungis þörf fyrir leiðsögn í náminu heldur líka í lífinu. Þeir sögðu að nemendur í framhaldsskóla væru á viðkvæmu stigi í lífinu og margir þeirra væru brotnir eða óöruggir og þyrftu umhyggju frá kennara sínum. Því ætti samband við framhaldsskólanemendur að byggja á virðingu, umhyggju, áhuga og hlýju.

## 5. Umræður

Í niðurstöðum þessara rannsóknar var leitast við að skoða hvernig gæði sambands milli framhaldsskólakennara og nemenda þeirra hefðu áhrif á starfsánægju kennarana og hvernig kennarar ná góðu sambandi við nemendur sína. Í þessum umræðukafla verða niðurstöður rannsóknarinnar bornar saman við fræðilegan hluta ritgerðarinnar.

### 5.1 Sambandið

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að gagnkvæm virðing sé mikilvægasti partur sambands kennara og nemenda, sem og traust og hreinskilni. Hafdís Ingvarsdóttir (2004, bls. 43) tekur í sama streng þar sem hún telur að tengsl kennara og nemenda þurfi að byggjast á gagnkvæmri virðingu og trausti. Svör viðmælenda bentu til þess að nemendur í framhaldsskólum væru á ákveðnu þroskastigi sem þyrfti að taka tillit til þegar kæmi að samskiptum. Samkvæmt kenningum um þroska þróa unglingar með sér gagnrýna hugsun og rökhugsun á þessum aldri en þrátt fyrir það eru þeir oft tilfinningaríkir, viðkvæmir og mögulega meira útsettir fyrir áhættusamri hegðun (Santrock, 2011, bls. 370–373). Kenningarnar ríma að einhverju leyti við niðurstöður rannsóknarinnar en viðmælendur töldu að þrátt fyrir að framhaldsskólanemendur væru mjög viðræðuhæfir einstaklingar sem væru tilbúnir að taka næsta skref í menntun sinni væru þeir oft óöruggir og það fylgdu þessum hópi oft ákveðin vandamál. Á þessu aldurstigi virðast kennarar sjá meira af ótímabærum þungunum, geðrænum vandamálum og jafnvel fíkniefnavandamálum, sem bendir til mikilvægis forvarnarstarfs í framhaldsskólum og þess að framhaldsskólakennarar séu í góðu sambandi við nemendur sína en samkvæmt Crosnoe, Johnson og Elder jr. (2004, bls. 75) eru kennarar ákveðnar fyrirmyndir og geta samskipti þeirra við nemendur mótað aðlögun þeirra. Þátttakendur rannsóknarinnar telja að það þurfi ákveðna einstaklingsnálgun þegar kemur að framhaldsskólanemendum og að samskiptin þurfi að vera persónuleg og á jafningjagrundvelli. Niðurstöðurnar benda til þess að það þurfi að reyna að virkja nemendur á framhaldsskólastigi og efla sjálfstæði þeirra.

Framhaldsskólakennarar þurfa að einhverju leyti að leggja hart að sér til að ná til nemenda, því uppbygging framhaldsskólans þýðir að kennarar kenna sumum nemendum kannski aðeins í eina önn. Að sama skapi getur þessi stutti tími sem kennarar hafa með nemendum komið í veg fyrir erfiðleika og vandamál í samskiptum. Viðmælendur í rannsókninni töldu að ef það kæmu upp vandamál eða erfiðleikar í samskiptum þá leystist yfirleitt úr þeim fljótt og það má því velta því fyrir sér hvort það sé meðal annars vegna þess hve stuttan tíma kennararnir hafa með sumum nemendum. Viðmælendurnir telja þó að gæði sambands milli kennara og nemenda snúist mest um leikni kennara í samskiptum. Einhverjir kennarar lenda oftar í samskiptaörðugleikum við nemendur sína heldur en aðrir, sem getur þýtt að þeir leggi sig ekki nóg fram við að ná til nemenda og séu ef til vill of gagnrýnir eða strangir. Líkt og Gordon (2001, bls. 31-41) segir þá geta samskipti milli kennara og nemenda orðið erfið ef kennarinn er of gagnrýninn á nemendur og setur markið of hátt fyrir þá. Rannsóknin bendir til þess að það sé mikilvægt fyrir framhaldsskóla að hafa gott kerfi til að takast á við erfiðleika og skólastjórnendur, sviðsstjórar, námsráðgjafar og sálfræðingar innan skólans séu allt mikilvægir þættir í að leysa úr erfiðleikum milli kennara og nemenda ef nauðsyn krefur. Það getur ef til vill létt starf framhaldsskólakennarans ef hægt er að fá aðstoð og stuðning við að leysa ákveðin vandamál.

## 5.2 Starfsánægjan

Samkvæmt niðurstöðum eru það margir þættir sem geta haft áhrif á starfsánægju framhaldsskólakennara. Viðmælendur voru ekki sammála um hvaða þættir drægju úr starfsánægju þeirra. Tveir þeirra nefndu verkefnaálag, einn tiltók breytingar innan skólans og þrír sögðu að launin skiptu þá miklu máli á meðan einn sagði að launin skiptu sennilega minnstu máli. Því er hægt að áætla að það sé tiltölulega persónubundið hvað hverjum og einum finnist hafa slæm áhrif á starfsánægju sína. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að oft er það samansafn af þáttum sem mynda ákveðið álag á kennara og minnka þar af leiðandi starfsánægju þeirra (Betoret, 2009, bls. 62).

Niðurstöðurnar sýna fram á að viðmælendur eru sammála um að gæði sambands þeirra við nemendur skipti máli og þegar það kæmu upp erfiðleikar gagnvart nemendum eða nemendahópum hefði það áhrif á líðan þeirra. Viðmælendur töldu þó að ekkert þeirra hefði mikla reynslu af stórvægilegum

erfiðleikum í samskiptum við nemendur þó einstaka atvik hefðu komið upp. Það bendir til þess að það þurfi mögulega að vera miklir, langvarandi erfiðleikar eða einhverjar krísur í kringum nemendur til að kennarar fari að finna fyrir því að það dragi úr starfsánægju þeirra. Viðmælendur töldu að hugarfar kennara skipti máli þegar kæmi að erfiðleikum í samskiptum og að stundum væri það kennaranum að kenna ef samskiptin gengju illa. Þetta tónar ágætlega við þær niðurstöður rannsóknar Betoret (2009, bls. 62) að þegar framhaldsskólakennarar finna fyrir stressi tengdu starfinu þá verði þeir fyrir tilfinningalega úrvinda og byrji að þróa með sér neikvætt viðhorf gagnvart nemendum. Þetta gæti þýtt að það séu aðrir þættir sem hafa áhrif á starfsánægju kennara, en þegar starfsánægja þeirra minnkar þá missi þeir þolinmæðina gagnvart nemendum sínum og vandamálið ágerist þangað til að kennararnir gefist upp á vinnu sinni. Einn viðmælandi talaði um að þegar hún væri að kenna of mikið og það væri of mikið vinnuálag á henni í skólanum þá hefði hún minni þolinmæði gagnvart nemendum. Eins og annar viðmælandi benti á þá geta aðrir hlutir utan vinnunnar, eins og þreyta, persónuleg vandamál og slíkt, líka haft áhrif á líðan kennara og gert hann útsettari fyrir streitu og vanlíðan í starfi. Því má álykta að samverkun margra þátta geti haft slæm áhrif á starfsánægju kennara en viðmælendur töluðu um það að strax og þeir myndu hætta að hafa ánægju af því að eiga í samskiptum við nemendur þá myndu þeir láta kennaraferli sínum lokið. Það má þannig kannski segja að slæmt samband við nemendur sé síðasta hálmstráið.

Viðmælendur voru sammála því að gott samband við nemendur væri það sem veitti þeim mesta starfsánægju. Samkvæmt kenningu Herzberg þá er það að vera ánægður í vinnunni og starfsánægja ekki sami hluturinn, sem þýðir að þú getur fundið til mikillar starfsánægju en verið samt óánægður með eitthvað í starfinu (Noell, 1976, bls. 5–31). Samkvæmt kenningu Herzberg þá gæti samband við nemendur veitt kennurum mikla starfsánægju en þeir gætu þrátt fyrir það verið óánægðir með hluti líkt og laun, stjórnun, mórál á vinnustaðnum eða stefnu skólans. Það er þó ákveðin þversögn í þessari kenningu þar sem það sem einstaklingur er óánægður með í vinnunni hlýtur að hafa einhver áhrif á starfsánægju hans. Af öllum kenningum um starfsánægju virðist líkan Hackman og Oldham passa best við þessa rannsókn en það snýst um að jákvæðar niðurstöður úr starfi hvetji starfsmanninn til að halda áfram á sömu braut (Hackman og Oldham, 1976, bls. 255–256). Kennarastarfið passar ágætlega inn í þetta líkan en það er fjölbreytt og mjög krefjandi en líkt og

viðmælendur segja þá veitir það þeim ánægju að fylgjast með nemendum sínum þroskast, verða betri námsmenn, betri manneskjur og ná árangri. Því vinna kennarar krefjandi starf en með árangri nemenda sinna fá þeir alltaf ákveðna hvatningu til að halda áfram. Erfitt er þó að sanna trúverðugleika þessara kenninga en líkt og Borman, Ilgen og Klimoski (2003, bls. 257) segja þá getur verið vandasamt að mæla fyrirbæri sem byggist svona mikið á persónulegum tilfinningum.

Spilt, Koomen og Thijs (2011, bls. 466–470) telja að kennarar dragist að kennslustarfinu vegna þeirra miklu samskipta sem starfið bjóði upp á. Í niðurstöðunum tala viðmælendur um að þeir séu í þessu starfi því þeim þyki gaman að umgangast nemendur. Það að fá að fylgjast með nemendum ná árangri er mikilvægt fyrir kennara til að þeir finni fyrir velgengni í starfi. Því er það kannski sambandið sjálft sem gefur þeim mestu starfsánægjuna og er stærsta ástæðan fyrir því að einstaklingar sinni þessu starfi. Samkvæmt rannsóknum eru framhaldsskólakennarar upp til hópa ánægðir í starfi, en um 87% starfsmanna í framhaldsskólum telja sig vera það (Ómar H. Kristmundsson, 2006, bls. 47). Því hljóta flestir framhaldsskólakennarar að vera ánægðir með laun sín, starfsumhverfið og samskipti sín við stjórnendur, samstarfsfólk og nemendur. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að gæði sambands skipti mestu máli fyrir starfsánægjuna á jákvæðan hátt og samband framhaldsskólakennara við nemendur sína sé það sem geri þá ánægða í starfi. En það byrjar ekki endilega að draga úr starfsánægjunni fyrr en aðrir þættir fara að tikka inn. Kennarar finna kannski ekki fyrir því að það sé að draga úr starfsánægju þeirra fyrr en þeir eru undir alltof miklu verkálagi og farnir að kvíða því að fara inn í kennslustofuna, sem þýðir að samband við nemendur þarf að vera virkilega slæmt til að það fari að hafa áhrif á starfsánægju kennara. Viðmælendur töluðu um að þeir lentu annað slagið í árekstrum en það væri yfirleitt hægt að leysa úr þeim. Þegar þeir lentu hins vegar í einhverjum hópi sem væri bara endalaust erfiður alla önnina þá færu þeir kannski að kvíða því. Viðmælendur tala þannig um nemendur sína í niðurstöðunum að það bendir til að þeir vilji ná vel til flestra nemenda en ná kannski ekki alltaf til allra. Sumir nemendur eru meira lokaðir eða leyfa ekki sambandið og eins og einn viðmælandinn sagði; það líkar ekki öllum við alla. Þetta virðist þó ekki skemma upplifunina á þeim góðu samböndum sem kennararnir eiga. Líkt og Gordon (2001, bls. 30) segir þá þurfa báðir aðilar að taka þátt í sambandinu þannig að ef nemandi tekur ekki þátt þá verður

sambandið ekkert sérstaklega gott, en kannski ekkert sérlega slæmt heldur. Því virðist sem mikið þurfi að vera að til að samband við nemendur fari að draga niður starfsánægju kennaranna.

Líkt og Ryan og Patrick (2001, bls. 454-455) benda á þá skiptir það nemendur miklu máli að eiga í góðu sambandi við kennara sína og gott samband hefur góð áhrif á nemendur. En niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að gæði sambandsins skipti kennara líka miklu máli. Kennarar virðast leitast við að eiga í góðum persónulegum samböndum við nemendur sína og það virðist hafa jákvæð áhrif á starfsánægju þeirra. Því geta gæði sambands milli kennara og nemenda að einhverju leyti spáð fyrir um starfsánægjuna, en eins og niðurstöður sýna þá er einnig margt annað sem hefur áhrif. Í rannsókn Veldman, Tartwijk, Brekelmans og Wubbels (2013, bls. 56–63) töldu kennarar að það væri mikilvægt fyrir starfsánægju þeirra að sambandið við nemendur væri gott og ef það væri ekki gott þá dvínaði starfsánægja þeirra. En starfsánægjan gat líka minnkað þrátt fyrir gott samband við nemendur ef það var eitthvað annað vandamál við lýði, líkt og menntastefna skólans, vinnuálag eða persónuleg vandamál.





## 6. Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar greina frá því að viðmælendum þyki gæði sambands þeirra við nemendur hafa áhrif á starfsánægju, en þá aðallega á jákvæðan hátt. Rannsókn þessi leiddi sömuleiðis í ljós að viðmælendum þykir gagnkvæm virðing besta leiðin til að ná góðu sambandi við nemendur sína.

Viðmælendur upplifa það að starfsánægja þeirra ráðist af mörgum þáttum og þó samband þeirra við nemendur skipti máli þá skipti aðrir þættir líka máli. Þeir segja að það geti verið margir þættir sem vinni saman sem draga starfsánægju þeirra niður en hins vegar séu það yfirleitt alltaf nemendur sem auki hana. Þeir telja að gott samband við nemendur skipti miklu máli. Viðmælendur voru sammála um að erfiðleikar í samskiptum milli kennara og nemenda gætu haft slæm áhrif á starfsánægju en það væri sjaldan sem það gerðist. Þeir töldu einnig að það væru kannski þeir kennarar sem legðu sig minnst fram við að ná til nemenda sem lentu í mestu erfiðleikunum. Gleðin sem viðmælendur fengju úr starfinu fælist í því að fylgjast með nemendum ná árangri, ekki aðeins í námi heldur persónulega, og fá að fylgja þeim í gegnum námið og sjá þá þroskast og dafna. Viðmælendur töluðu um að það þyrfti að koma fram við nemendur með virðingu og það væri besta leiðin til að mynda gott samband. Heiðarleiki, virðing og umhyggja voru orðin sem þeir notuðu til að lýsa góðu sambandi og sögðu einnig að það þyrfti að koma fram við nemendur sem jafningja og með persónulegri nálgun.

Það sem kom rannsakanda mest á óvart var hvað viðmælendurnir virtust lenda í fáum vandamálum með nemendur. Þeir nefndu að erfiðleikar gætu haft áhrif á starfsánægjuna en töluðu vandamálin svolítið niður, eins og slíkt gerðist mjög sjaldan og það væru einstaka nemandi eða hópur sem eitthvað bjátaði á með, en það væri oftast fljótlegt. Rannsakandi telur að þetta sé ef til vill vegna þroska nemenda. Nemendur virða kennara sína og vilja ekki lenda upp á kant við þá heldur meta þeir samband sitt við kennarana mikils og finna fyrir umhyggju frá þeim.

Rannsóknin hefur sína styrkleika og veikleika. Styrkleikarnir eru að það var talað við sjö starfandi framhaldsskólakennara sem hafa mikla reynslu af kennslu. Þeir tala út frá sinni reynslu af nemendum sínum og því veitir rannsóknin ágæta innsýn í hvernig þeir upplifa kennsluna, samband við framhaldsskólanemendur og eigin starfsánægju. Helsti veikleiki rannsóknarinnar er að það er ekki hægt að alhæfa um hvernig gæði sambands

framhaldsskólakennara við nemendur hafi áhrif á starfsánægju kennaranna út frá henni þar sem rannsóknin gefur aðeins innsýn í reynsluheim þessara sjö kennara.

Aðrar kannanir hafa sýnt fram á að framhaldsskólakennarar séu tiltölulega ánægðir í starfi. Þessi rannsókn bendir til þess að það sé vegna þess að þeir eiga í góðu sambandi við nemendur sína og eru ánægðir með aðra þætti starfsins líkt og laun, stjórnun framhaldsskólans og stefnu hans. Það væri gaman að framkvæma svipaða rannsókn á öðrum skólastigum og sjá til dæmis hvernig kennarar í grunnskólum eða leikskólum meta starfsánægju sína og samband sitt við nemendur. Þessi rannsókn var aðeins gerð á framhaldsskólakennurum sem kenna bókleg fög. Það væri einnig hægt að skoða hvernig þeir kennarar sem kenna verkleg fög eða iðngreinar telja að gæði sambands við nemendur sína hafi áhrif á starfsánægju sína.

Rannsakandi vonar að þessi rannsókn geti leitt til betri þekkingar á því hvað það er sem hefur áhrif á starfsánægju kennara og mikilvægi þess sem kennari að eiga í góðu sambandi við nemendur sína. Vonandi getur þessi rannsókn nýst framhaldsskólakennurum sem og öðrum kennurum á einhvern hátt og fengið þá til að velta starfsánægju sinni aðeins fyrir sér.

# Heimildir

- Adams, E. (2010). The joys and challenges of semi-structured interviewing. *Community practitioner: the journal of the community practitioners' and health visitors' association*, 83(7), 18–21. Sótt af [https://www.researchgate.net/publication/45628115\\_The\\_joys\\_and\\_challenges\\_of\\_semi-structured\\_interviewing](https://www.researchgate.net/publication/45628115_The_joys_and_challenges_of_semi-structured_interviewing)
- Anastasiou, S. (2014). Factors affecting job satisfaction, stress and work performance of secondary education teacher in Epirus, NW Greece. *International Journal of Management in Education*, 8(1), 37-53. doi:10.1504/IJMIE.2014.058750
- Barrow, M. (2015). Caring in teaching: A complicated relationship. *Journal of effective teaching*, 15(2), 45–59. sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1077243.pdf>
- Benninga, J.S., Berkowitz, M.W., Kuehn, P., og Smith, K. (2006). Character and academics: What good schools do. *Phi Delta Kappan*, 87(6), 448–452. doi:10.1177/003172170608700610
- Betoret, F.D. (2009). Self-efficacy, school resources, job stressors and burnout among Spanish primary and secondary school teachers: A structural equation approach. *Educational Psychology*, 29, 45–68. doi:10.1080/01443410802459234
- Borman, W.C., Ilgen, D.R. og Klimoski, R.J. (2003). *Handbook of psychology: Industrial and organizational psychology*. John Wiley & Sons, Inc: New Jersey.
- Bullough Jr., R.V. (2010). Ethical and moral matters in teaching and teachers education. *Teaching and Teacher Education*, 27, 21–28. doi: 10.1016/j.tate.2010.09.007
- Campbell, E. (2003). *The ethical teacher*. Maidenhead: Open University Press.

- Caprara, G.V., Barbaranelli, C., Steca, P. og Malone, P.S. (2006). Teachers' self-efficacy beliefs as determinants of job satisfaction and students' academic achievement: A study at the school level. *Journal of School Psychology*, 44, 473–490. Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/1355/cbc8746b8e4ca44e5a4babb557d2aebcd6e2.pdf>
- Cothran, D.J. (1997). Students' and teachers' perceptions of conflict and power. *Teaching and Teacher education*, 13(5), 541–553. doi: 10.1016/S0742-051X
- Crosnoe, R., Johnson, M.K. og Elder jr., G.H. (2004). Intergenerational bonding in school: The behavioural and contextual correlates of student-teacher relationships. *Sociology of Education*, 77, 60–81. doi:10.1177/003804070407700103
- De Guzman, A.B., Uy, M.M., Syi, E.Y., Torres, R.K.C., Tancioco, J.B.F. og Hernandez, J.R. (2008). From teaching from the heart to teaching with a heart: Segmenting Filipino collage students' views of their teachers' caring behaviour and their orientations as cared-for individuals. *Asia Pacific Education Review*, 9(4), 487–502. Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ835215.pdf>
- Frymier, A.B. og Houser, M.L. (2000). The teacher-student relationship as an interpersonal relationship. *Communication Education*, 49(3), 207–219. doi:10.1080/03634520009379209
- Gordon, T. (2001). *Samskipti kennara og nemenda* (Ólafur H. Jóhannsson þýddi). Reykjavík: Æskan ehf. (frumútgáfa 1974).
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2018). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðmundur Ingi Guðmundsson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2010). Starfsánægja framhaldsskólakennara: Innri og ytri áhrifaþættir. *Uppeldi og menntun*, 19(1-2), 113–129. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=001171416](http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001171416)

- Guðrún Ragnarsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson. (2010). Velferð kennara er lykillinn að öflugum framhaldsskóla: Rannsókn á starfsánægju og starfsumhverfi framhaldsskólakennara. *Netla, veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/008/index.htm>
- Hackman, J.R. og Oldham, G.R. (1976). Motivation through the design of work: test of a theory. *Organizational behaviour and human performance*, 16, 250–279. Sótt af [http://web.mit.edu/curhan/www/docs/Articles/15341\\_Readings/Group\\_Performance/Hackman\\_et\\_al\\_1976\\_Motivation\\_thru\\_the\\_design\\_of\\_work.pdf](http://web.mit.edu/curhan/www/docs/Articles/15341_Readings/Group_Performance/Hackman_et_al_1976_Motivation_thru_the_design_of_work.pdf)
- Hafdís Ingvarsdóttir. (2004). Mótun starfskenninga íslenskra framhaldsskólakennara. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 39–47. Sótt af [http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/hafdís\\_ingva\\_1tbl1.pdf](http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/hafdís_ingva_1tbl1.pdf)
- Hare, W. (1993). *What makes a good teacher*. London, ON: The Althouse press.
- Hargie, O. (1997). *The handbook of communication skills*. London: Routledge.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og megindegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- J-F, Swabey, K., Pullen, D., Getenet, S. og Dowden, T. (2018). Teenagers' perceptions of teachers: A developmental argument. *Australian Journal of Teacher Education*, 43(2), 26–38. doi:10.14221/ajte.2018v43n2.2
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129–136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kennarasamband Íslands. (e.d.). Siðareglur kennara. Sótt af <http://ki.is/um-ki/stefna/sidareglur>

Locke, E.A. (1968). What is job satisfaction. *American Psychological Association*, Washington, DC. <https://eric.ed.gov/?id=ED023138>

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Maslow, A.H. (1943). A theory of human motivation. *Psychological Review*, 50, 370–396. Sótt af <https://psychclassics.yorku.ca/Maslow/motivation.htm>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011- Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Meyers, S.A. (2009). Do your students care whether you care about them? *College Teaching*, 57(4), 205–210. Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/29d1/6c98b65cfe5829749fa873ef2a2523a8d8f6.pdf>

Noell, N.H. (1976). Herzberg's two-factor theory of job satisfaction. *Study Project Report 76-1*. Fort Belvoir: Virginia. Sótt af <https://apps.dtic.mil/dtic/tr/fulltext/u2/a033814.pdf>

Ómar H. Kristmundsson. (2006). Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/Starfsmannamal/Konnun-a-starfsumhverfi-ríkisstarfsmanna-2006-nidurstodur.pdf>

Pomeroy, E. (1999). The teacher-student relationship in secondary schools: Insights from excluded students. *British Journal of Sociology of Education*, 20(4), 465–482. doi: 10.1080/01425699995218

Rasskazova, E., Ivanova, T. og Sheldon, K. (2016). Comparing the effects of low-level and high-level worker need-satisfaction: A synthesis of the self-determination and Maslow need theories. *Motivation and Emotion*, 40(4), 541–555. doi:10.1007/s11031-016-9557-7

Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.

Ryan, A.M., og Patrick, H. (2001). The classroom social environment and changes in adolescents' motivation and engagement during middle school. *American Educational Research Journal*, 38(2), 437–460. Sótt 20. mars <http://www.jstor.org/stable/3202465>

Santrock, J.W. (2011). *Life-span development* (13. útgáfa). New York: McGraw-Hill.

Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 281–297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2002). Í eilífri leit: Virðing og fagmennska kennara. *Netla, vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2002/005/03/index.htm>

Sigurður Kristinsson. (2013). Að verðskulda traust: Um siðferðilegan grunn fagmennsku og starf kennara. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 237–257). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229–238). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Skaalvik, E.M., og Skaalvik, S. (2015). Job satisfaction, stress and coping strategies in the teaching profession - what do teachers say? *International Education Studies*, 8(3), 181-192. Sótt af <https://eric.ed.gov/?id=EJ1060892>

Skaalvik, E.M. og Skaalvik, S. (2017). Still motivated to teach? A study of school context variables, stress and job satisfaction among teachers in

senior high school. *Social Psychology of Education*, 20(1), 15–37. doi: 10.1007/s11218-016-9363-9

Sofaer, S. (1999). Qualitative methods: What are they and why use them? *Health Services Research*, 34(5), 1101-1118. Sótt af <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC1089055/>

Spilt, J.L., Koomen, H.M.Y og Thijs, J.T. (2011). Teacher wellbeing: The importance of teacher-student relationships. *Educational Psychology Review*, 23(4), 457–477. doi:/10.1007/s10648-011-9170-y

Staw, B.M. og Cohen-Charash, Y. (2005). The dispositional approach to job satisfaction: more than a mirage but not yet an oasis. *Journal of Organizational Behaviour*, 26(1), 59–78. doi: 10.1002/job.299

Staw, B.M. og Ross, J. (1985). Stability in the midst of change. A dispositional approach to job attitudes. *Journal of Applied Psychology*, 70(3), 469–480. doi:10.1037/0021-9010.70.3.469

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (2018). Starfsánægja. Í Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstjórar). *Íslensk nútímamálsorðabók*. Sótt af <http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob>

Taylor-Powell, E. og Renner, M. (2003). Analyzing qualitative data. *Program Development & Evaluation*. Sótt af <https://learningstore.uwex.edu/assets/pdfs/g3658-12.pdf>

Veldman, I., van Tartwijk, J., Brekelmans, M., og Wubbels, T. (2013). Job satisfaction and teacher–student relationships across the teaching career: Four case studies. *Teaching and Teacher Education*, 32(1), 55–65. doi:10.1016/j.tate.2013.01.005

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). Framhaldsskólar. Sótt af <https://www.island.is/thjonusta/menntun-og-mannlif/skolar/framhaldsskolar/>



# Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi .....	60
Fylgiskjal 2 Kynningarbréf um rannsóknina .....	61
Fylgiskjal 3 Samþykkisyfirlýsing .....	62

## *Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi*

- Hvað finnst þér mikilvægast þegar kemur að því að eiga í samskiptum við framhaldsskólanemendur ?
- Hvernig hefur þroski framhaldsskólanemenda áhrif á samband þeirra við kennara ?
- Hvernig gengur að ná góðu sambandi við framhaldsskóla nemendur?
  - o Er sambandið persónulegt ?
  - o Hvernig er þitt samband við nemendur þína ?
- Hvaða áhrif hefur andrúmsloft inni í kennslustofu ?
- Hvað er hægt að gera til þess að viðhalda góðu andrúmslofti ?
- Hverjar telur þú brýnustu þarfir nemenda ?
  - o Fá þeir einhverju ráðið innan kennslustofunnar ?
  - o Er reynt að efla sjálfstæði þeirra ?
- Hvað álítur þú best að gera ef erfiðleikar koma upp í samskiptum kennara og nemendahóps?
  - o Hvað er það sem hefur áhrif á þessa erfiðleika ?
- Hugsar þú eitthvað um ánægju þína í starfi ?
  - o Hvaða þættir hafa áhrif á hana?
  - o Hvernig nemendur geti haft áhrif á hana ?
  - o Hvort hún minnkar þegar samband við nemendur gengur erfiðlega ?
  - o Hvort hún aukist þegar sambandið gengur vel ?
- Hve mikilvægt telur þú það fyrir ánægju þína í starfi að nemendum gangi vel í námi?
  - o En þegar þeim gengur illa ?

## *Fylgiskjal 2 Kynningarbréf um rannsóknina*

Ágæti viðtakandi,

XX. 02. 19.

Kynningarbréf og beiðni um þátttöku í rannsókn

Ég undirrituð, Anna María Sigfúsdóttir, fer þess vinsamlega á leit við þig að taka þátt í rannsókn minni á áhrifum sambands framhaldsskólakennara og framhaldsskólanemenda á starfsánægju kennara. Rannsóknin er lokaverkefni mitt í menntunarfræði, M.Ed., við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Leiðbeinandi minn er Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og er hann jafnframt ábyrgðarmaður rannsóknarinnar.

Nú á vorönn 2019 mun ég vinna að 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í menntunarfræði við kennaradeild Háskólans á Akureyri um starfsánægju framhaldsskólakennara. Ég mun taka viðtöl við framhaldsskólakennara til þess að fá þeirra reynslu af rannsóknarefninu og því óska ég eftir þátttöku þinni í verkefninu.

Markmið rannsóknarinnar er að átta sig á því hvaða þættir í sambandi framhaldsskólakennara og framhaldsskólanemenda hafa áhrif á starfsánægju kennara, hvort gæði sambands við nemendur geti haft áhrif á ánægju kennara í starfi. Í viðtalinu verður rætt um þá þætti sem geta haft áhrif á gæði sambands við nemendur svo sem framkoma kennara, agi og virðing frá nemendum og slíkt. Skoðað verður hvernig þessir þættir hafa áhrif á starfsánægju kennara og af hverju starfsánægja er mikilvæg. Áætlað er að ræða við 8 kennara úr amk. þremur framhaldsskólum. Ég mun taka viðtölin upp og vinna úr efninu til að varpa ljósi á viðfangsefni rannsóknarinnar.

Fullum trúnaði og nafnleynd er heitið og engar persónugreinanlegar upplýsingar verða notaðar. Gögnum verður eytt um leið og úrvinnslu er lokið. Ef samþykki þitt fæst fyrir ofangreindri beiðni óska ég eftir að þú látir mig vita hvenær það hentar þér að ræða saman en viðtalið ætti ekki að taka lengri tíma en klukkustund. Ég veiti fúslega frekari upplýsingar sé þess óskað. Einnig er þér velkomið að hafa samband við ábyrgðarmann rannsóknarinnar, Guðmund Heiðar Frímansson vinnusími: 460 8000, netfang: ghf@unak.is

Með von um samstarf,

Anna María Sigfúsdóttir

Sími: 844-9339, netfang: ha130800@unak.is

### *Fylgiskjal 3 Samþykkisyfirlýsing*

Markmið rannsóknarinnar er að átta sig á því hvaða þættir í sambandi framhaldsskólakennara og framhaldsskólanemenda hafa áhrif á starfsánægju kennara, hvort gæði sambands við nemendur geti haft áhrif á ánægju kennara í starfi. Málið verður skoðað útfrá reynslu framhaldsskólakennara á ánægju þeirra í starfi og samskiptum við nemendur. Tekin vera viðtöl við átta framhaldsskólakennara úr þremur mismunandi framhaldsskólum. Rannsóknin er 30 ECTS lokaverkefni til M.Ed. gráðu í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri. Leiðbeinandi er Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Öll gögn í þessari rannsókn verða meðhöndluð sem trúnaðarupplýsingar. Engar persónugreinanlegar upplýsingar koma fram í rannsókninni og verður öllum gögnum eytt að lokinni afritun og greiningu viðtala. Þátttakendum er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er á meðan viðtali stendur eða síðar.

Ég undirrituð/undirritaður hef lesið kynninguna á ofangreindri rannsókn og samþykki að taka þátt í rannsókninni eins og henni er lýst.

---

Dagsetning og staður

---

Undirskrift þátttakanda

---

Undirskrift rannsakanda